



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

99



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ársskýrsla
2025

EFNISYFIRLIT

Ársskýrsla 2025

Efnisyfirlit

Ávarp rektors	4	Fjármála- og rekstrarsvið	40
Árið í hnotskurn	6	Húsnæðisþjónusta	42
Stjórnir og ráð	6	Viðhaldsdeild	42
Háskólinn á Bifröst í tölum	11	Kennslu- og upplýsingatæknisvið	43
Ársreikningur	15	Starfsstöðvar og starfsemi	43
Akademísk starfsemi	16	Kennsla, ráðgjöf og þróun	44
Félagsvísindadeild	16	Hugbúnaður, kerfi og innleiðingar	45
Lagadeild	20	Náms- og starfsráðgjöf	46
Viðskiptadeild	22	Hollvinasamtök Bifrastar	47
Endurmenntun	26	Nemendafélag Bifrastar	48
Háskólagátt	27		
Skrifstofa rektors	28		
Alþjóðaskrifstofa	28		
OpenEU	28		
Bókasafn	30		
Skjalamál	31		
Mannauðsmál	32		
Markaðs- og samskiptamál	33		
Rannsókn- og vísindastarf	34		
Gæðamál	36		
Nýsköpun og samfélagsleg virkni	38		



SAMVINNA
FRUMKVÆÐI
FAGMENNSKA

Ávarp rektors

Nýliðið ár einkenndist af ýmsum sviptingum í starfi Háskólans á Bifröst. Við niðurfellingu skólagjalda árið 2024 varð gríðarleg nemendafjölgun í öllum deildum skólans sem kallaði á fjölgun í starfsliði og aukna stoðþjónustu. Þessi mikla útpensla kom að fullu fram á árinu 2025 og leiddi til þess að Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst er nú orðin stærsta viðskiptadeild landsins. Sameiningarferli Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri, sem hafði verið í undirbúningi frá árinu 2023 og var formlega hafið árið 2024, lauk formlega þann 1. október 2025 þegar Háskólaráð Háskólans á Akureyri ákvað einróma að hætta frekari viðræðum. Ákvörðunin var tilkynnt stjórnendum Háskólans á Bifröst og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu sama dag.

Þar með lauk strangri vegferð sem staðið hafði í tæp tvö ár og leiddi í ljós þegar fram í sótti að verulegar hindranir – lagalegar, fjárhagslegar og skipulagslegar – torvelduðu sameiningu. Þar vó þyngst að ekki reyndist unnt að samræma rekstrarform skólanna: Háskólinn á Bifröst er sjálfseignarstofnun, en Háskólinn á Akureyri er opinber háskóli, og engin fordæmi eru fyrir slíkri sameiningu í íslensku háskólakerfi. Þetta reyndist ógerlegt án umfangsmikilla laga- og rekstrarbreytinga sem hefðu skapað langvarandi óvissu. Það var þó mat beggja háskólanna að samtalið hefði verið uppbyggilegt og faglegt, og að kostir sameiningar hefðu sannarlega verið til staðar. Niðurstaðan varð hins vegar sú að heillavænlegast væri að halda áfram rekstri skólanna í sitt hvoru lagi, með áherslu á að styrkja hlutverk þeirra í samfélaginu og tryggja áframhaldandi þróun náms og rannsókna án sameiningar.

Háskólinn á Bifröst hefur löngum verið háskóli sem brýtur upp hefðir, fjárfestir í nýjungum og setur nemandann í forgrunn. Háskólinn er í dag leiðandi í fjarnámi á Íslandi. Með fjarnámsleiðum sínum hefur skólinn opnað hlið sem áður voru lokuð og byggt brýr milli byggðarlaga, landshluta og í raun milli landa. Þannig má segja að samfélagsáhrif fjarnámsins við Háskólann á Bifröst hafi þegar sannað sig.

Árið 2025 voru fasteignir háskólans í gamla háskólaþorpinu á Bifröst, aðalbygging og 65 íbúðir á stúdentagörðum, auglýstar til sölu fyrir um 3,2 milljarða króna. Skólinn hafði ekki lengur þörf fyrir byggingarnar þar sem upp hafði komið mygla í gamla skólahúsinu sem varð þess valdandi að því var lokað og starfsemin flutt annað. Eignirnar voru enn óseldar við árslok 2025. Þó að miðstöð háskólans hafi verið flutt frá Bifröst var starfsemin áfram rótgróin í Borgarfirði, með starfstöð á Hvanneyri og í Reykjavík.

Alþjóðleg tengsl og samstarf eru mikilvæg í háskólastarfi. Háskólinn á Bifröst er beinn aðili að evrópska háskólanetinu OpenEU, sem er hið fyrsta sinnar tegundar í Evrópu. Um er að ræða sam-evrópskan opinn háskóla sem sameinar leiðandi fjarnámsháskóla og opna háskóla víðs vegar um álfuna. Í samstarfinu eru 10 aðildarháskólar og 27 tengdar fræðastofnanir og samtök. OpenEU er umfangsmikið háskólasamstarf sem fjármagnað er af Evrópusambandinu. Verkefnið miðar að því að skapa al-evrópskan opinn háskóla með áherslu á aðgengi að háskólamenntun óháð staðsetningu og bakgrunni, stafræna umbreytingu háskólastarfs, græna þróun og loftslagsmál, lýðræðislega þátttöku, símenntun og aukna atvinnuhæfni námsmanna í þverþjóðlegu og blönduðu námi. Háskólanetið nær til yfir 368.000 háskólanema, 709.000 útskrifaðra og 24.000 starfsmanna aðildarskólanna.

Hagnaður af rekstri Háskólans á Bifröst á árinu 2025 var 26,5 m.kr. samanborið við 20,8 m.kr. tap árið 2024. Má skýra þá breytingu af því að í fyrsta skipti eru áhrif dótturfélaga tekin inn í ársreikning en hagnaður var af dótturfélagi skólans, Kiðá ehf sem núna er tekinn inn. Tap var af almennum rekstri skólans, sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, en skýra má það af breytingu á fjármögnun háskólans og nýju reiknilíkani háskóla. Þannig kemur aukinn nemendafjöldi og full fjármögnun ekki inn fyrr en að þremur árum liðnum en árið 2025 var fyrsta heila árið sem háskólinn innheimtir eingöngu skráningargjöld. Hefur það veruleg áhrif á tekjustreymi skólans. Eigið fé í árslok 2025 var jákvætt um 199 m.kr. en var 172,4 m.kr. árið 2024.

Stór skref hafa verið stigin til þess að ná fram stöðugleika í fjármálum skólans og heldur sú vinna áfram. Framlag ríkisins til skólans nam 987,3 m.kr. en var 923,5 m.kr. árið 2024 og jafngildir það 6,9 % hækkun eða 63,8 m.kr. frá árinu á undan. Tekjur af skráningargjöldum námu 202,2 m.kr. á árinu 2025, voru 378,4 árið 2024 og lækkuðu frá fyrra ári um 176,2 m.kr.

Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður skólans, en hann hækkaði um 221,3 m.kr. úr ríflega 608 m.kr. frá árinu 2024. Hækkun launa stafar af því að haustið 2025 var fastráðnum starfsmönnum óheimilt að senda inn verktakareikninga og viðbótargreiðslur vegna kennslu og annarar þjónustu sett inni laun. Á sama tíma lækkuðu verktakagreiðslur umfram áætlun en unnið er markvisst að því að ná jafnvægi á milli launa og verktakagreiðslna.

Meðalfjöldi starfsmanna miðað við heilsársstörf var 71 á árinu 2025 miðað við 61 á árinu 2024. Áframhaldandi fjölgun nemenda olli því að nauðsynlegt var að ráða inn í allmargar stöður í akademíu sem og stjórnsýslu. Hefur það sýnt sig að Háskólinn á Bifröst er orðinn eftirsóttur vinnustaður, vinnustaður sem fólki líður vel á og sækist eftir því að vinna á. Endurspeglast það í gæðum og fjölda umsókna um sérhvert starf sem er auglýst.



Árið 2025 í hnotskurn

Aðalfundur Háskólans á Bifröst fór fram í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, þann 29. apríl 2025. Rektor, dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi háskólans á undangengnu ári. Ársreikningur fyrir árið 2025 var jafnframt lagður fram og var að kynningu lokinni samþykktur samhljóða. Að því loknu var farið yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага háskólans og rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár kynnt.

Stjórnir og ráð

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst

Háskólaráð Háskólans á Bifröst, Borgarbyggð, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Hollvinasamtök Háskólans á Bifröst tilnefna í fulltrúaráð þrjú fulltrúa og einn til vara og er ráðið því skipað 15 fulltrúum alls og fimm til vara. Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Ráðið fundar minnst einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Aðilar fulltrúaráðsins leggja fram á hverjum aðalfundi háskólans tillögu að skipan þess til næstu þriggja ára og var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða á aðalfundi ársins 2024, fyrir árin 2024-2026:

Aðalmenn

Fyrir Borgarbyggð:

Thelma Dögg Harðardóttir

Pórunn Unnur Birgisdóttir

Bjarney Bjarnadóttir

Varamaður: Guðveig Eyglóardóttir

Fyrir Hollvinasamtök Bifrastar:

Bryndís Bessadóttir

Hallur Jónasson

Tryggvi Haraldsson

Varamaður: Birgitta Ásbjörnsdóttir

Fyrir Háskólaráð Háskólans á Bifröst:

Erlendur Jónsson

Hanna Kristín Skaftadóttir

Sævar Ari Finnbogason

Varamaður: Sólveig Hallsteinsdóttir

Fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga:

Sigurbjörn Gunnarsson

Reimar Marteinsson

Ólafur Sigmarsson

Varamaður: Ellert Jón Gunnsteinsson

Fyrir Samtök atvinnulífsins:

Lilja Hrund Lúðvíksdóttir

Sólveig B. Gunnarsdóttir

Ísak E. Rúnarsson

Varamaður: Harpa Rún Glad



Stjórn Háskólans á Bifröst

Í stjórn Háskólans á Bifröst eru fimm einstaklingar sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, Háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga og Samtökum atvinnulífsins. Þrjú aðalmenn eru tilnefndir í stjórn annað hvert ár, en tveir aðalmenn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Stjórn var skipuð eftirtöldum aðal- og varamönnum:

Aðalmenn

Auður H. Ingólfssdóttir, Háskólaráði Háskólans á Bifröst
Ársæll Harðarson, formaður, Hollvinasamtökum Bifrastar
Eyjólfur Árni Rafnsson, Samtökum atvinnulífsins
Magnús Smári Snorrason, Borgarbyggð
Margrét K. Guðnadóttir, Sambandi íslenskra samvinnufélaga

Varamenn

Hallur Jónasson, Hollvinasamtökum Bifrastar
Hannes Karlsson, Sambandi íslenskra samvinnufélaga
Haukur Logi Karlsson, Háskólaráði Háskólans á Bifröst
Sigurður Guðmundsson, Borgarbyggð
Maj-Britt Hjördís Briem, Samtökum atvinnulífsins

Háskólaráð Háskólans á Bifröst

Háskólaráð er ráðgefandi í málum háskólasamfélagsins og hefur tilnefningarrétt í stjórn skólans og fulltrúaráð samkvæmt skipulagsskrá hans. Í ráðinu sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu- og upplýsingasviðs (kennslustjóri), þrjú fulltrúar kennara eru tilnefndir af kennslu og rannsóknarráði, fulltrúar nemenda á öllum stigum eru kjörnir af nemendum og fulltrúi starfsfólks er kjörinn af starfsfólki. Fyrir hvern kjörinn fulltrúa skal kjörinn varafulltrúi. Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Á fundum háskólaráðs er fjallað um helstu málefni skólans á líðandi stundu, innra starf hans, breytingar á reglum og stefnumörkun hans. Háskólaráð getur lagt fram ályktanir og sett fram tillögur til rektors eða stjórnar skólans. Fundargerðir háskólaráðs eru birtar á vef háskólans.

Rektor

Margrét Jónsdóttir Njarðvík

Aðalmenn

Kennslustjóri

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Fulltrúi starfsmanna

Sólveig Hallsteinsdóttir

Fulltrúar kennara

Andrea Guðmundsdóttir

Erlendur Ingi Jónsson

Sigrún Lilja Einarsdóttir

Fulltrúar meistaranema

Halldóra Hreinsdóttir

Sunna Dís Jónasdóttir

Fulltrúar grunnnema

Selma Klara Gunnarsdóttir

Lára Sól Hansdóttir

Fulltrúi Háskólagáttarnema

Sverrir Ingi Hilarius Garðarsson

Áheyrnarfulltrúar

Fjármálastjóri

Anna Þórunn Reynis

Fulltrúi íbúaráðs

Rolando Díaz

Sérstakt fundarboð

Gæðastjóri

Einar Hreinsson

Staðgengill rektors

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Varamenn

Fulltrúi starfsmanna

Soffía Dagmar Þorleifsdóttir

Fulltrúar kennara

Elín H. Jónsdóttir

Kári Joensen

Sævar Finnbogason

Siðanefnd

Sérstök siðanefnd starfar við Háskólann á Bifröst sem úrskurðar um það hvort siðareglur hafi verið brotnar. Nefndin er skipuð þremur einstaklingum sem eru óháðir Háskólanum á Bifröst. Siðanefnd er skipuð af rektor, að fengnu samþykki Háskólaráðs. Nefndin tekur við ábendingum frá aðilum innan og utan skólans. Nefndin tekur ekki upp mál að eigin frumkvæði.

Siðanefnd skipa:

Dr. Þórdís Ingaóttir lögfræðingur
Daði Már Kristófersson fjármálaráðherra
Dr. Skúli Skúlason prófessor á Hólum

Ný siðanefnd var skipuð 17. október, hana skipa:

Dr. Skúli Skúlason prófessor á hólum sat áfram.
Dr. Henry Alexander Henrysson siðfræðingur - formaður nefndar
Dr. Kári Hólmar Ragnarsson lögfræðingur

Fagráð um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi

Fagráðið er skipað þremur einstaklingum, tveir þeirra starfa utan skólans og hafa faglega þekkingu á kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Þriðji aðilinn er kosinn af starfsfólki skólans og skal hafa þekkingu til að sinna málefnum þess. Formaður ráðsins skal jafnframt vera annar af utanaðkomandi fagaðilunum.

Fagráðið skipa eftirtaldir aðilar:

Jóhanna Dagbjartsdóttir, sálfræðingur og formaður fagráðsins
Dr. Rakel Heiðmarsdóttir, lektor, fulltrúi starfsfólks
Hildur Jakobína Gísladóttir, vinnusálfræðingur



Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd er kjörin af háskólaráði eftir tilnefningum og skulu þar sitja þrjú aðilar, einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi nemenda og formaður, tilnefndur af rektor. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með framgangi jafnréttisáætlunar háskólans og gerir grein fyrir störfum sínum með skýrslu til rektors og háskólaráðs fyrir lok febrúar ár hvert. Skýrsla nefndarinnar skal gerð samhliða reglubundnu rýni stjórnenda vegna jafnlaunavottunar. Þá hefur nefndin umsjón með undirbúningi fyrir Jafnréttisdaga fyrir hönd Háskólans á Bifröst, skipar samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna og hefur frumkvæði að fræðslu um jafnréttismál innan háskólans. Jafnréttisnefnd leitast við að funda einu sinni í mánuði.

Jafnréttisnefnd hefur enn fremur umsjón með undirbúningi fyrir hina árvissu Jafnréttisdaga, sem háskólar landsins hafa samstarf um, og skipar formaður nefndarinnar jafnframt samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna.

Framlag Háskólans á Bifröst á Jafnréttisdögum 2025 var erindi dr. Susanne Miriam Arthur og dr. Einars Hreinssonar sem bar heitið „Pathways to inclusion: How Bifröst University and OpenEU Expand Access to Higher Education. Einnig var Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, ásamt fleirum með streymi sem bar heitið „Gervigreind, snjalltæki og kynfrelsi – er Sjallasleikurinn dauður?“.

Jafnréttisnefnd fyrir starfsárið 2025 – 2026:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, formaður
Atli Þór Fanndal, fulltrúi starfsmanna
Hugrún Diljá Þorgeirsdóttir, fulltrúi nemenda




Háskólinn á Bifröst í tölum




Hlutfall nemenda eftir deild, námsstigi og kyni

Fjöldi nemenda 2311

Kyn ● Karl ● Kona ● Kynsegin/annað







Námsstig ● Framhaldsskólastig ● Grunnám ● Framhaldsnám







Hlutfall brautskráninga eftir deild, námsstigi og kyni

Fjöldi brautskráninga 294




Hlutfall nýnema eftir deild, námsstigi og kyni

Fjöldi nýnema 975




Dreifing nemenda Háskólans á Bifröst um landið



Fjöldi nemenda eftir ári og misseri

Kennslumisseri ● H ● V ● S ● Fjöldi nemenda



Tölulegar upplýsingar

- Fjöldi nemenda er miðaður við þá nemendur sem þreyta einingar á hverju misseri.
- Fjöldi nemenda er miðaður við fjölda kennitalna en ekki námsferla.

Uppfærsla á gögnum

- Gögn tekin úr Uglu og uppfærð samkvæmt gæðakerfi Háskólans á Bifröst.
- Upplýsingatæknisvið heldur utan um frekari upplýsingar um uppfærslu á gögnum.

Ársreikningur 2025

Allar tölur í milljónum króna

Rekstrarreikningur	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstrartekjur	1.388,2	1.429,6	1.338,6	1.311,2	1.315,2
Rekstrargjöld	1.684,9	1.433,8	1.304,3	1.247,2	1.090,2
Rekstrarhagnaður/tap	(296.7)	(4.2)	34.3	64.0	224.9
Afskriftir	17.7	17.2	14.9	15.9	10.9
Fjármagnsliðir	(0.3)	(0.6)	(3.0)	(9.5)	(22.3)
Áhrif dótturfélaga	341.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Hagnaður ársins/tap	26.6	(20.8)	16.4	38.6	191.7
Eignir					
Fastafjármunir	583.2	252.5	254.6	269.6	255.5
Veltufjármunir	140.0	314.1	238.7	218.0	204.2
Eignir samtals	723.2	566.6	493.3	487.6	459.7
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé	199	172.4	193.2	176.8	138.2
Langtímaskuldir	93.4	96.8	97.9	101.8	167.4
Skammtímaskuldir	430.8	297.4	202.2	209.0	154.1
Eigið fé og skuldir samtals	723.2	566.6	493.3	487.6	459.7

Akademísk starfsemi

Félagsvísindadeild

Starf Félagsvísindadeildar hefur á undanförunum árum einkenst af námsnýjungum, þróun og rannsóknvirkni. Nýtt námsskipulag sem tók gildi árið 2024 festi sig í sessi á árinu 2025. Námsskipulagið fól í sér skýrari sérhæfingu hversrar námsleiðar, sameiginlegan félagsvísindalegan grunn þvert á námsleiðir og aukið vægi valnámskeiða sem eykur svigrúm nemenda til námsvals.

Ný meistaranámsleið, samskiptastjórnun, hóf göngu sína haustið 2025. Hún var þróuð af dr. Eiríki Bergmann, prófessor og Andreu Guðmundsdóttur, lektor. Meistaranám í samskiptastjórnun veitir færni til að þróa og stýra árangursríkum samskiptum í viðskiptum, fjölmiðlum, almannatengslum og hverskonar stjórnun. Námið tengir saman þessa lykilþætti og leggur áherslu á greiningu upplýsinga, þróun markvissra samskiptaáðferða og stjórn samskipta í flóknu rekstrarumhverfi nútímans.



Deildarforseti Félagsvísindadeildar 2025
dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Námið tengir saman þessa lykilþætti og leggur áherslu á greiningu upplýsinga, þróun markvissra samskiptaáðferða og stjórn samskipta í flóknu rekstrarumhverfi nútímans.

Mikil fjölgun nemenda varð í Félagsvísindadeild eftir niðurfellingu skólagjalda árið 2024 og jókst nemendafjöldi á árinu 2025 um ríflega helming.

Deildarforseti Félagsvísindadeildar er dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, prófessor. Hún dvaldi sem Fulbright fræðimaður við Norrænu deild Kaliforníuháskóla í Berkeley í Bandaríkjunum síðari hluta árs. Staðgengill hennar meðan á leyfinu stóð var dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir sem gegndi störfum deildarforseta frá 1. ágúst til áramóta.

Við deildina starfa 11 akademískir starfsmenn, aðstoðarmaður deildarforseta og verkefnastjóri. Þá eru tveir starfsmenn Rannsóknaseturs um skapandi greinar innan vébanda deildarinnar.

Mannauður

Innan Félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst eru fræðimenn sem hafa verið ötulir í rannsóknum og virkir í fræðilegri, opinberri umræðu. Fastráðnir akademískir starfsmenn deildarinnar eru:

Prófessorar

- Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir fagstjóri meistaranáms í áfallastjórnun
- Dr. Eiríkur Bergmann, fagstjóri meistaranáms í samskiptastjórnun
- Dr. Magnús Árni Skjöld, fagstjóri BA náms í stjórnvísindum
- Dr. Njörður Sigurjónsson, fagstjóri meistaranáms í menningarstjórnun
- Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, fagstjóri BA náms í öryggisfræði og almannavörnum
- Dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, deildarforseti Félagsvísindadeildar

Dósent

Dr. Bergsveinn Þórsson, fagstjóri BA náms í opinberri stjórnsýslu

Lektorar

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, MA. Fagstjóri BA náms í skapandi greinum
Andrea Guðmundsdóttir, MA. Fagstjóri BA náms í miðlun og almannatengslum

Aðjúnt

Sævar Ari Finnbogason, MA. sérfræðingur og kennari við Félagsvísindadeild

Sérfræðingur

Erna Kaaber, MA, sérfræðingur við rannsóknarverkefnið IN SITU

Aðstoðarmaður deildarforseta er Sólveig Ólafsdóttir

Verkefnastjóri Félagsvísindadeildar er Soffía Dagmar Þorleifsdóttir



Endurskoðun námsskrár og nýtt námsframboð

Við Félagsvísindadeild er boðið upp á námsleiðir sem eiga sér ekki hliðstæðu í öðrum háskólum á Íslandi, svo sem öryggisfræði og almannavarnir, sem hleypt var af stokkunum haustið 2024, skapandi greinar, menningarstjórnun, áfallastjórnun og samskiptastjórnun.

Námsframboð Félagsvísindadeildar er í stöðugri þróun og gæðarýni í samræmi við gæðastefnu skólans. Á árinu fór fram gæðaúttekt á meistaranámi í menningarstjórnun. Úttektin leiddi í ljós samfélagsleg áhrif námsins sem gegnir áfram lykilhlutverki í menntun fagfólks fyrir íslenskan menningargeira. Námið sameinar rannsóknamiðaða og hagnýta þekkingu og hefur á undanförunum árum verið eflt með nýjum námskeiðum, þátttöku nemenda í umbótastarfi og tengingu við atvinnulíf og rannsóknir.

Námsframboð Félagsvísindadeildar skiptist í fimm námsleiðir í grunnnámi og þrjár námsleiðir í meistaranámi.

Grunnnám

Miðlun og almannatengsl
Opinber stjórnsýsla
Skapandi greinar
Stjórnvísindi
Öryggisfræði og almannavarnir

Meistaránám

Áfallastjórnun
Menningarstjórnun
Samskiptastjórnun

Rannsóknir, útgáfa og samstarf

Við Félagsvísindadeild starfa öflugir rannsakendur sem taka þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi og birta ritrýndar fræðigreinar á innlendum og erlendum vettvangi.

Rannsóknasetur skapandi greina (RSSG) er hýst af Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst en er í eigu fimm háskóla. Meginmarkmið setursins er að efla rannsóknir á atvinnulífi menningar og skapandi greina með hliðsjón af fjölþættum áhrifum listsköpunar og menningarframleiðslu á samfélagið. RSSG er óháður rannsóknaraðili og sinnir fjölbreyttum rannsóknnum og greiningum á sínu sviði. Forstöðukona setursins er Erla Rún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri er Steinunn Hauksdóttir og stjórnarformaður er Anna Hildur Hildibrandsdóttir.

Háskólinn á Bifröst hlaut árið 2025 Jean Monnet Chair-styrk með áherslu á stöðu Íslands í öryggismálum norðurslóða og Evrópu. Verkefnið, Iceland's Strategic Role in Arctic and European Security (ISARCEUR), byggir á sérstöðu Íslands sem stendur utan Evrópusambandsins en er jafnframt djúpt fléttað inn í evrópskt samstarf í gegnum aðild að EES-samningnum, Schengen-samstarfinu og NATO.

Verkefnið miðar að því að efla og dýpka fræðilegt og stefnumótandi samtal um stöðu Íslands í evrópskum öryggismálum og þróun norðurslóðastefnu ESB. Með nýjum námskeiðum, rannsóknnum og opinberri umræðu um evrópska

samvinnu og öryggisuppbyggingu er leitast við að byggja brú milli fræða, stefnumótunar og samfélagslegrar umræðu. Verkefnið er leitt af dr. Magnúsi Árna Skjöld Magnússyni og nýtur stuðnings Evrópusambandsins í gegnum Erasmus+ áætlunina.

The Nordic Disinformation Resilience Network er þriggja ára samstarfsverkefni (e. Research network) sem hófst á árinu og styrkt er af NordForsk. Verkefnið beinist að því að greina hvernig Norðurlöndin geta brugðist við vaxandi ógn af upplýsingaóreiðu og samsæriskenningum, sem sífellt meira eru nýttar í samfélagslegum og pólitískum átökum. Markmiðið er að rannsaka sögulegar, félagslegar og svæðisbundnar forsendur seiglu á Norðurlöndum og hvernig þær geta styrkt viðbúnað, lýðræðislega stjórnsýslu og samfélagslegt öryggi gagnvart núverandi og framtíðar áskorunum af þessari gerð. Dr. Eiríkur Bergmann er þátttakandi í verkefninu.

IN SITU: Place-based Innovation of Cultural and Creative Industries in Non-Urban Areas er styrkt af Horizon Europe og lauk þriðja ári af fjórum á árinu. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, lektor, leiðir vinnupakka í verkefninu og Erna Kaaber starfar sem sérfræðingur þess.



Lagadeild

Starf Lagadeildar einkenndist á árinu 2025 af áframhaldandi styrkingu á innra starfi og þjónustu við nemendur. Stóraukin fjölgun nemenda frá og með haustönn 2025 var mikið ánægjuefni og er í samræmi við stefnu deildarinnar, en heildarfjöldi nemenda fór yfir 200.

Áherslubreytingar voru gerðar á grunnnáminu á þann veg að náminu var breytt úr BS námi í BA nám með færri skyldu einingum. Núverandi nemendum var gefin kostur á að skrá sig samkvæmt nýja fyrirkomulaginu og sáu margir nemendur hag sinn í því.

Einnig varð breyting á MBL leið í meistaranámi í viðskiptalögfræði sem fólst í því að nemendum gefst nú kostur á að ljúka náminu með 30 ECTS eininga meistararitgerð í viðskiptalögfræði og útskrifast með ML/MA gráðu. Fjöldi nemenda hefur nýtt sér þennan valkost.

Deildarforseti lagadeildar er dr. Haukur Logi Karlsson dósent, en hann tók við stöðunni um mitt ár 2025 af dr. Bjarna Má Magnússyni. Dr. Haukur Logi sat í háskólaráði þar til hann tók við stöðu deildarforseta. Þá sat hann sem varamaður í stjórn háskólans, sem fulltrúi háskólaráðs.

Mannauður

Dr. Haukur Logi Karlsson, dósent er deildarforseti Lagadeildar, en hann tók við starfinu um mitt ár 2025. Dr. Haukur Logi sat í háskólaráði þar til hann tók við stöðu deildarforseta. Þá sat hann sem varamaður í stjórn háskólans, sem fulltrúi háskólaráðs.

Dr. Bjarni Már Magnússon var deildarforseti Lagadeildar fram að haustönn 2025 og fór þá í rannsóknarleyfi. Hann lét af störfum í lok árs.

Elín H. Jónsdóttir er lektor og fagstjóri meistaranáms í viðskiptalögfræði. Hún er auk þess fagstjóri örnáms við deildina.

Dr. Petra Baumruk dósent tók við af dr. Hauki Loga sem fagstjóri ML meistaranáms í lögfræði um mitt ár. Í lok ársins 2025 hóf dr. Petra rannsóknarleyfi.

Unnar Steinn Bjarnald er lektor við Lagadeild Háskólans á Bifröst og fagstjóri BS námsleiðar í viðskiptalögfræði.

Aðstoðarmaður deildarforseta er Lís Gunnarsdóttir.

Verkefnastjóri Lagadeildar er Hugu Ósk Guðjónsdóttir.



Deildarforseti Lagadeildar er dr. Haukur Logi Karlsson

Endurskoðun námsleiða og nýtt námsframboð

Eftir endurskoðun á grunnnámi í viðskiptalögfræði var ákveðið frá og með haustönn 2025 að breyta heiti námsgráðunnar úr BS í BA, enda endurspeglar það inntak námsins betur, auk þess var náminu breytt í 180 ECTS einingar í stað 190 ECTS eininga.

Nemendum sem hafa grunngráðu í lögfræði býðst að ljúka fullnaðarprófi með 120 ECTS eininga ML gráðu (Master of Law) í lögfræði. Námsleiðin er sniðin að þörfum þeirra sem lokið hafa BS/BA í lögfræði við háskóla og vilja halda áfram námi sínu með áherslu á dóms- og réttargæslukerfið. Náminu lýkur með 30 ECTS eininga ritgerð.

Gerð var sú breyting á meistaranámi í viðskiptalögfræði að frá og með haustinu 2025 verður m.a. í boði að ljúka 120 ECTS eininga meistaranámi á því sviði og útskrifast með MA/ML gráðu.

Árið 2025 var í fyrsta skipti boðið upp á eftirfarandi örnámsleiðir; lög og sjálfbærni, fyrirtækjalögfræði, innra eftirlit - innri endurskoðun og regluvarsla og lögfræði fjármálamarkaða.

Grunnnám

Viðskiptalögfræði BA, fagstjóri er Unnar Steinn Bjarndal. Námið hefur verið í boði frá upphafi lögfræðikennslu hjá Háskólanum á Bifröst og var háskólinn fyrstur hér á landi til að bjóða upp á þverfaglegt nám í viðskiptalögfræði.

Meistaránám

ML í lögfræði, fagstjóri er Petra Baumruk. Námsleiðin er sniðin að þörfum þeirra sem lokið hafa BS/BA í lögfræði og vilja halda áfram námi sínu með áherslu á dóms- og réttargæslukerfið.

MBL í viðskiptalögfræði (Master of Business Law), fagstjóri er Elín Jónsdóttir. Viðskiptalögfræði hefur verið kennd við Háskólann á Bifröst frá árinu 2017. Um er að ræða 90 ECTS eininga gráðu án meistaranámsritgerðar.

Viðskiptadeild

Árið 2025 var viðskiptadeild afar gjöfult. Metaðsókn var að deildinni og við upphaf skólaárs 2025-2026 voru 1274 stúdentar innritaðir í deildina; yfir 790 meistaranemar og um 484 grunnemar. Þá var vinnu undangenginna missera við að styrkja og efla faglega innviði og rannsóknavirkni innan deildarinnar áfram haldið.

Mannauður

Í upphafi ársins voru þau Haraldur Daði Ragnarsson, lektor og Arney Einarasdóttir, prófessor, skipuð í deildarráð sem fulltrúar kennara, en Karen Ragnarsdóttir var skipuð fulltrúi grunnema og Ása Laufey Sigurðardóttir fulltrúi meistaranema. Á árinu 2025 störfuðu 22 starfsmenn við Viðskiptadeild og þar af 19 akademískir. Framgang í stöðu prófessors hlutu Einar Svansson og dr. Guðrún Johnsen. Brynjar Þór Þorsteinsson hlaut framgang í stöðu dósent. Aukinheldur sinntu ríflega 30 stundakennarar kennslu við viðskiptadeild á árinu.

Prófessorar

Dr. Arney Einarasdóttir er fagstjóri meistaranáms í forystu og mannaðsstjórnun. Hún stýrir m.a. alþjóðlegu CRANET rannsókninni fyrir Íslands hönd og situr í ritstjórn Tímarits um viðskipti og efnahagsmál fyrir hönd Háskólans á Bifröst.

Dr. Jón Snorri Snorrason - sérsvið Jóns Snorra er stjórnun og fjármál fyrirtækja.

Dr. Vífill Karlsson er forstöðumaður Rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum.



Deildarforseti Viðskiptadeildar 2025 er dr. Guðrún Johnsen

Dr. Guðrún Johnsen er deildarforseti viðskiptadeildar. Hún hefur stundað rannsóknir á skilvirkri ráðstöfun fjármagns, bankakreppum, hvatakerfum innan fyrirtækja og áhættutöku fyrirtækja og fjármálastofnana, sérstaklega hjá fyrirtækjasamstæðum.

Einar Svansson - sérsvið Einars spannar breitt svið innan stjórnunar- og þjónustufræða eða allt frá forystu og nýsköpun að gæðastjórnun og ferðaþjónustu.

Dósentar

Brynjar Þór Þorsteinsson er fagstjóri MS-MMM meistaranáms í markaðsfræði. Sérsvið: vörumerkjastjórnun, þjónustustjórnun, stafræn umbreyting og markaðsstefnumótun.

Kári Joensen - sérsvið: verðlag, samvinnufélög, stjórnun og sjálfbærni. Hann hefur tekið þátt í eða leitt nokkurn fjölda erlendra samstarfsverkefna á sérsviðum sínum.

Lektorar

Dr. Edda Blumenstein er fagstjóri yfir nýju BS námi í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun í verslun og þjónustu sem hófst haustið 2025. Sérsvið: heildræn verslunar- og þjónustustjórnun, markaðsfræði og stefnumótun.

Dr. Erlendur Ingi Jónsson er fagstjóri BSc. náms í viðskiptafræði með áherslu á fjármálastjórnun. Sérsvið: fjármál og áhættustýring.

Hanna Kristín Skaftadóttir er fagstjóri BS náms í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind. Sérsvið: viðskiptagreind, gervigreind, sjálfvirknivæðing og fjártækni.

Haraldur Daði Ragnarsson - sérsvið: stefnumótun, leiðtogafræði, mannauðsstjórnun og breytingastjórnun, auk rannsókna á sviði markaðsfræða.

Dr. Raket Heiðmarsdóttir er fagstjóri meistaranáms í forystu og stjórnun. Sérsvið: mannauðsstjórnun, teymisstjórnun og leiðtogafræði.

Sigurður Blöndal er fagstjóri BS náms í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun og meistaranám í forystu og verkefnastjórnun. Sérsvið: verkefnastjórnun, straumlínustjórnun, áhættustjórnun, breytingastjórnun og stefnumótun.

Aðjúntar

Arnar Bragi Elvarsson - sérsvið: verkefnastjórnun, innviðaskipulag og innviðastjórnun.

Björg Jónsdóttir, PhD. kandídat við Háskóla Íslands. Sérsvið: skýrslugerð á sviði sjálfbærnirekstrar og sjálfbærniþróunar.

Bryndís Ásbjarnardóttir er fagstjóri BS náms í viðskiptafræði án áherslu. Sérsvið: hagfræði, fjármál og fjármálamarkaðir.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - sérsvið: rannsóknir í byggðafræði með áherslu á lítil samfélög og rannsóknir í jafnréttismálum.

Ragnar Már Vilhjálmsson er fagstjóri BS náms í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði. Sérsvið: markaðssamskipti, markaðshneigð og ánægja og tryggð viðskiptavina.

Stefán Kalmannsson er verkefnastjóri hjá Rannsóknasetri byggða- og sveitarstjórnamála. Sérsvið: reikningshald og rekstur fyrirtækja, fjármál og fjárfestingar, atvinnulíf og gerð viðskiptaáætlana.

Aðstoðarmaður deildarforseta er Helga Karlsdóttir.

Verkefnastjórar Viðskiptadeildar eru þær Guðrún Olga Árnadóttir og Katrín Rósa Eðvaldsdóttir.

Endurskoðun námsleiða og nýjar áherslur

Stöðugar umbætur hafa verið á námsleiðum bæði í grunnnámi og meistaranámi. Starf deildarinnar var straumlínulagað og fámennar námsleiðir voru lagðar niður, svo sem BSc. í viðskiptafræði með áherslu á sjálfbærnistjórnun, viðskiptagreind og stafræna markaðssetningu. Ný námsleið, Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun í verslun og þjónustu var sett á lagginnar undir fagstjórn dr. Eddu Blumenstein. Lykilnámskeið námsleiða sem voru lagðar niður voru hins vegar færð inn í fyrirbyggjandi námsleiðir sem skyldunámskeið.

Í meistaranáminu var skerpt á heitum tveggja námsleiða, þ.e. leiðin „forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun“, heitir nú „forysta og mannauðsstjórnun“ og leiðin sem áður kallaðist „forysta og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun“, heitir nú „forysta og verkefnastjórnun“.

Grunnnám

Fjármálastjórnun
Markaðsfræði
Stjórnun í verslun og þjónustu
Verkefnastjórnun
Viðskiptafræði án áherslu

Diplómanám

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Meistaránám

Forysta og stjórnun
Forysta og mannauðsstjórnun
Forysta og verkefnastjórnun
Markaðsfræði

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Á árinu 2025 tóku akademískir starfsmenn Viðskiptadeildar þátt í fjölmörgum rannsóknarverkefnum. Rannsóknarafurðir spanna að sama skapi breitt svið. Má þar nefna ritrýndar tímaritsgreinar, bókakafli, rannsóknarskýrslur og fjölbreytt erindi á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum ásamt aðild að vinnustofum og málstofum. Þá endurspeglast styrkur rannsóknarstarfsins ekki síður í þeim fjölda fræðasviða innan viðskiptafræðinnar og tengdra greina sem það spannar. Má þar nefna sem dæmi stjórnarhætti fyrirtækja, CRM, fjármál, FinTech, gervigreind, mannauðsstjórnun, stjórnun, leiðtogafræði, markaðssetningu og sjálfbærni og ábyrgð fyrirtækja, ásamt gagnfræði, hagfræði og byggðaþróun. Þá hafa rannsóknir deildarinnar oft vakið athygli og fengið umfjöllun í fjölmiðlum, bæði ljósvakamiðlum og prent- og netmiðlum.

Af erlendum og innlendum samstarfsaðilum í rannsóknum innan lands og utan má nefna:

Gleipnir nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi.

CRANET, alþjóðlegt samstarfsverkefni um langtíma samanburðarrannsóknir í mannauðsstjórnun á vegum Cranfield Network on International Human Resource Management Project to investigate the distinctive features and resilience of human resource management in the Nordic countries, styrkt af sænska seðlabankanum.

Erasmus+ verkefni, s.s. þróunarverkefni COPE; samstarf Háskólans á Bifröst og ítalskra, kypverskra og sænskra aðila að þróun námsefnis og aðferða sem eflt geta frumkvöðlastarf, með áherslu á félagshagkerfið og samvinnufélagsformið. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

EEA verkefni, s.s. Management in the time of crisis.

MSCA, sem felur í sér rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf öflugra evrópskra háskóla og alþjóðlegra fyrirtækja.

Upplýsingar um rannsakendur og rannsóknarafurðir Viðskiptadeildar eru birtar í íslensku rannsóknagáttinni ÍRIS.

<https://iris.ra.is/is/organisations/faculty-of-business/persons/>

Þá eru vistuð innan Viðskiptadeildar tvö rannsóknasetur; Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum og Rannsóknasetur verslunarinnar.

Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Árið 2025 var þriðja starfsár setursins sem var stofnað í janúar 2023 með samningi innviðaráðuneytisins við Háskólann á Bifröst um stofnun rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Markmið setursins er að efla jákvæða byggðapróun og styrkja sveitarstjórnarstigið á Íslandi með markvissum rannsóknum sem stuðla að hlutlægri og faglegri umræðu og leiða til betri stefnumótunar og ákvarðanatöku. Jafnframt því að efla nám og fræðslu um byggða- og sveitarstjórnarmál.

Dr. Vífill Karlsson er forstöðumaður rannsóknasetursins. Auk Vífils starfa Stefán Kalmansson og dr. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir sem sérfræðingar við setrið. Sem fyrr er ráðgjafanefnd setursins skipuð fimm fulltrúum; frá Háskólanum á Bifröst, Byggðastofnun, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Innviðaráðuneytinu.

Starfsmenn RBS tóku þátt í ýmsum viðburðum heima og erlendis á árinu í forni ráðstefna, málþinga og viðtala sem voru á rannsóknarsviði setursins. RBS fékk úthlutað þremur styrkjum upp á um 15 m.kr. á starfsári þessu. Útgáfur á vegum setursins á árinu voru:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir. (2025). Byggðabragur, verkfærakista unga fólksins í samstarfi við Samband sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra - Skýrsla RBS

Vífill Karlsson. (2025). Þjónusta sveitarfélaga, húsnæði þess og innviðir - Skýrsla RBS

Vífill Karlsson, Bjarki Þór Grönfeldt og Stefán Kalmansson. (2025). Orlofsíbúðir í þéttbýli. Rannsóknir í viðskiptafræði 5. Háskólaútgáfan.

Vífill Karlsson, Stefán Kalmansson og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir. (2025). Viðhorf íbúa til þjónustu sveitarfélaga eftir stærð þeirra, metin í fjölda íbúa. Tímarit um viðskipti- og efnahagsmál, 22 (2).

Nánari upplýsingar um rannsóknasetur við Háskólann á Bifröst má nálgast á vef háskólans.

Rannsóknasetur verslunarinnar (RSV)

Rannsóknasetrið hefur verið starfandi frá árinu 2004, en að því standa auk menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Háskólans á Bifröst, stéttarfélagið VR, Samtök verslunar og þjónustu og Bílgreinasambandið. Rannsóknasetur verslunarinnar (RSV) er leiðandi aðili á Íslandi í rannsóknum og tölfræðivinnslu fyrir verslun og tengdar atvinnugreinar. Almennt felst starfsemi rannsóknasetursins í að fylgjast með þróun og breytingum er varða verslun og neysluhegðun og koma á framfæri upplýsingum því tengdu til fyrirtækja og almennings. Rannsóknasetrið gegnir lykilhlutverki sem upplýsingaveita um vísitölur og aðra tölfræði sem stjórnendur í verslun þurfa á að halda í ákvarðanatöku í daglegri stjórnun og vegna stefnumótunar til lengri tíma."

Nánari upplýsingar um starfsemi rannsóknasetursins má nálgast á vef setursins, rsv.is.

Endurmenntun Háskólans á Bifröst

Endurmenntun Háskólans á Bifröst býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir fólk sem vill efla þekkingu sína og hagnýta færni. Mörg námskeiðanna eru einingabær og taka þátttakendur þátt í þeim samhliða nemendum háskólans. Þau eru kennd í fjarnámi og henta því einkar vel samhliða starfi eða öðru námi. Til viðbótar við einingabær námskeið býður Endurmenntun Háskólans á Bifröst upp á ýmis sérhæfð námskeið.

Þá tekur Endurmenntun Háskólans á Bifröst einnig að sér þróun á sérsniðnu námsframboði í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök. Dæmi um gjöfult samstarf er námið forysta til framtíðar sem þróað er í samstarfi við Samkaup, ætlað verslunarstjórum Samkaupa og veitir 12 ECTS einingar sem þátttakendur geta fengið metnar inn í grunnám Háskólans á Bifröst. Einnig má nefna Þjónustustjóraskóla AP Prif en um er að ræða stjórnendanám fyrir þjónustustjóra sem byggir upp á 8 lotum skólaárið 2025-2026. Framtakið var í vali til Menntaverðlauna Samtaka Atvinnulífsins.

Örnám á háskólastigi

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í þróun örnáms og var hann fyrstur íslenskra háskóla til að bjóða upp á slíkt nám. Fyrstu námsleiðirnar í örnámi fóru í loftið á vorönn 2024. Árið 2025 var eftirtalið örnám þróað og sett í framboð í gegnum Endurmenntun Háskólans á Bifröst:

Fyrirtækjalögfræði – 24 einingar á framhaldstigi í Lagadeild. Lög og sjálfbærni – 24 einingar á framhaldsstigi í Lagadeild.

Lögfræði fjármálamarkaða – 18 einingar á framhaldsstigi í Lagadeild
Innra eftirlit – Innri endurskoðun – 24 einingar á framhaldsstigi í Lagadeild.

Samningar og sáttamiðlun – 12 einingar á grunnámsstigi í Lagadeild
Gæðastjórnun - 12 einingar á grunnstigi við Viðskiptadeild.



Einnig var þróað eftirtalið örnám með styrk frá Samstarfssjóði háskólanna:

Frumkvöðlastarf – Entrepreneurship (nám á ensku) – 18 einingar á grunnstigi í Félagsvísindadeild.

Tónlistarviðskipti – Music business (nám á ensku) – 12 einingar á grunnstigi í Félagsvísindadeild.

Endurmenntunarstjóri er Álfheiður Eva Óladóttir.

Háskólagátt

Nám í Háskólagátt veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Það er skipulagt með hliðsjón af reglum nr. 835/2019 um aðfaranám í háskólum. Haustið 2025 fór af stað hópur í Háskólagátt sem er einnig í boði fyrir nemendur með erlent móðurmál og ber sú námsleið nafnið University Gateway. Það var ánægjulegt að geta boðið upp á námsleiðina aftur eftir að hún hafði legið í dvala veturinn 2024/2025.

Nám í Háskólagátt er skipulagt í framhaldsskólæiningum og er samtals 70 f-einingar, sem jafngildir fullu námi í eitt ár. Nemendur geta klárað námið á einu ári eða dreift því á lengri tíma. Námið er ætlað fullorðnum nemendum sem þurfa undirbúning fyrir háskólanám. Nemendur útskrifast með þekkingu, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun.

Í Háskólagátt er notast við vendikennslu sem felur í sér að nemendur fá fyrirlestra á rafrænu formi og sækja síðan umræðu- og verkefnatíma með kennurum. Námið hentar mjög vel með vinnu þar sem það er fjarnám og hægt er að dreifa því yfir lengri tíma eins og hentar hverjum og einum.

Aðgangsviðmið eru skilgreind á heimasíðu skólans. Nám í Háskólagátt býr nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda auk þess sem það veitir undirstöðumenntun á framhaldsskólastigi til að styrkja einstaklinga út á vinnumarkaðinn. Kenndar eru þrjár kjarnagreinar; íslenska, stærðfræði og enska. Auk þess taka nemendur stutt námskeið í upplýsingatækni, námskeið í félagsvísindum og skapandi og gagnrýninni hugsun, og þverfaglegt námskeið undir heitinu Landið mitt Ísland.

Nemendur hafa val um að taka áfanga um stofnun og rekstur fyrirtækja, akademíska ensku eða fjármálalæsi.

Nemendur í University Gateway taka samtals 90 f-einingar og þar af eru 40 f-einingar í íslensku sem öðru máli á stigi A2.1 – B1.2. Nemendur geta tekið námið á tveimur árum í fullu námi eða dreift því á lengri tíma.



Hluti námskeiða er kenndur á ensku og hluti á íslensku. Nemendur fá sérstakan stuðning í námskeiðum sem kennd eru á íslensku, sem styður við íslenskunám þeirra.

Vorið 2025 var Háskólagátt færð af Kennsluviði og undir Skrifstofu rektors.

Umsjónarkona Háskólagáttar er Guðrún Rannveig Stefánsdóttir.

Skrifstofa rektors

Alþjóðaskrifstofa

Á árinu hélt alþjóðastarf Háskólans á Bifröst áfram að þróast með markvissum hætti í samræmi við nýja alþjóðastefnu skólans. Lögð hefur verið áhersla á að efla alþjóðlegt samstarf, styrkja tengsl við samstarfsháskóla og skapa nemendum og starfsfólki aukin tækifæri til þátttöku í alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi.

Dagana 11.–13. maí var í fyrsta sinn haldin alþjóðavika við Háskólann á Bifröst. Alþjóðavikan heppnaðist vel og komu sjö gestir frá samstarfsháskólum innan evrópska háskólanetsins OpenEU til landsins. Markmið viðburðarins var að efla tengsl milli samstarfsskóla, skapa vettvang fyrir miðlun reynslu og þróa áfram samstarf á sviði kennslu, rannsókna og nemendaskipta.

Á árinu hefur einnig verið lögð aukin áhersla á að nýta Erasmus-styrki til starfsmannaskipta. Starfsfólk skólans hefur í auknum mæli heimsótt samstarfsháskóla innan OpenEU-háskólanetsins, sem hefur stuðlað að auknum samskiptum og styrkari tengslum milli stofnananna.

Unnið hefur verið að því að byggja upp skiptinám fyrir nemendur, bæði fyrir þá sem hyggjast fara í skiptinám erlendis og fyrir þá sem vilja koma í skiptinám til Háskólans á Bifröst. Sú vinna er enn í gangi, en stefnt er að því að geta boðið upp á skiptinám fyrir nemendur á næstu árum.

Alþjóðafulltrúi skólans, Herborg, situr jafnframt fyrir hönd Háskólans á Bifröst í vinnupakka 6 innan OpenEU-háskólanetsins. Markmið vinnupakkans er að þróa leiðir til að gera nemendum kleift að skrá sig í námskeið hjá öðrum háskólum innan netsins og stuðla að þróun sameiginlegra námsleiða. Þótt verkefnið sé enn á þróunarstigi er talið að það muni skapa nemendum veruleg tækifæri til náms og samstarfs á alþjóðavettvangi þegar fram í sækir.

Alþjóðafulltrúi er Herborg Sörensen.

OpenEU

Háskólinn á Bifröst er áfram virkur þátttakandi í OpenEU (Open European University), samstarfsneti evrópskra háskóla um fjarnám og sveigjanlega háskólamenntun. Markmið OpenEU er að þróa fyrsta sam-evrópska fjarkennslu- og rannsóknaháskólann og skapa ný tækifæri fyrir nemendur, kennara og starfsfólk í gegnum sameiginlegt nám, rannsóknir og nýjar stafrænar lausnir. Samstarfið byggir á áherslum um jafnrétti, sveigjanleika, nýsköpun og aukna alþjóðlega samvinnu. Verkefnið hófst formlega 1. desember 2024 og því var árið 2025 fyrsta heila starfsár OpenEU.

Í janúar var haldinn stór upphafsfundur í Barcelona, í UOC (Universitat Oberta de Catalunya). Fulltrúar Háskólans á Bifröst á þeim fundi voru rektor, deildarforseti Félagsvísindadeildar, skrifstofu- og rannsóknarstjóri og verkefnastjóri OpenEU. Fundurinn markaði fyrstu skrefin í að hrinda verkefnum ársins af stað.

Mannauður og lykilhlutverk innan OpenEU

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor er fulltrúi HB í rektoraráði OpenEU. Ráðið kom saman tvisvar sinnum á árinu, í Barcelona í janúar og í Hagen í október. Í framkvæmdastjórn OpenEU sitja Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, deildarforseti Félagsvísindadeildar og Kasper Simo Kristensen, skrifstofu- og rannsóknastjóri. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Á upphafsfundinum í Barcelona í janúar var Susanne Arthur, verkefnastjóri OpenEU, kjörin formaður samræmingarstjóra stofnana hjá OpenEU (e. Chair of the OpenEU Institutional Coordinators) fyrir síðari hluta ársins. Hún gegndi þessu hlutverki frá júní til nóvember 2025.

Í september fjölgaði starfsfólki OpenEU teymisins þegar Michelle Spinei hóf störf sem sérfræðingur í þátttöku og áhrifum Open EU (OpenEU Engagement and Impact Officer).

Sara Bergsdóttir er fulltrúi Bifrastar í nemendaráði OpenEU, var kjörin einn formanna nemendaráðsins í nóvember. Hún hefur jafnframt verið starfandi sem fulltrúi nemenda í vinnupakka 5.

Þátttaka starfsfólks og nemenda innan Háskólans á Bifröst í OpenEU verkefninu hefur aukist verulega á árinu. Í byrjun 2025 voru um 10 einstaklingar virkir í verkefninu, en í lok árs voru þeir orðnir nær 30.

Helstu verkefni og vinnustofur

Vinnupakki 7, sem Háskólinn á Bifröst leiðir, snýr að þátttöku og samfélagslegum áhrifum. Helstu verkefni ársins voru:

- Þróun áætlunar og leiðbeininga um samfélagsþátttöku
- Uppbygging stafræns vettvangs fyrir lýðræðislega þátttöku
- Uppsetning og innleiðing tilraunaverkefnis fyrir sjálfböðastarf ætlað nemendum innan OpenEU
- Þátttaka í undirbúningi á verkfærum fyrir stafræna velferð

Kasper Kristensen, skrifstofu- og rannsóknastjóri stýrir vinnupakka 7.

Í tengslum við markmið OpenEU um aukið aðgengi ólíkra samfélagshópa, m.a. kvenna í STEAM greinum, innflytjenda og flóttafólks, fatlaðs fólks og íbúa á landsbyggðinni, stóð Háskólinn á Bifröst fyrir netvinnustofu í maí 2025.

Á vinnustofunni ræddu fulltrúar hópanna hvernig háskólastofnanir geta betur stutt við námsárangur þessa hópa. Þar kom fram sérstök áhersla á að efla samstarf og tengsl við innflytjendur á landsbyggðinni, þar sem Háskólinn á Bifröst sér tækifæri til að nýta sérstöðu sína sem fjarnámsháskóli.

Önnur netvinnustofa, sem Háskólinn á Bifröst stóð fyrir í nóvember fjallaði um hvernig háskólar geti stutt við og unnið markvisst með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Vinnustofan veitti mikilvæga innsýn sem nýtist áfram í OpenEU verkefnið.



OpenEU

The Open
European
University

Aukið samstarf og alþjóðleg tækifæri

Á árinu styrktust tengsl Háskólans á Bifröst við samstarfsháskólanetið enn frekar. Margir starfsmenn háskólans, bæði akademískir starfsmenn og stjórnendur heimsóttu samstarfsháskóla þar sem meðal annars var unnið að möguleikum á sameiginlegum námsleiðum, auknum akademískum samstarfsverkefnum, nýjum skiptinámsleiðum og fyrstu skrefum í átt að hugsanlegu sameiginlegu doktorsnámi.

Í október tóku fulltrúar Háskólans á Bifröst þátt í EADTU ráðstefnunni í Hagen í Þýskalandi og sóttu fjölmarga OpenEU fundi sem voru haldnir á meðan á ráðstefnunni stóð. Var það góður vettvangur til að kynna starf háskólans og styrkja tengsl innan bandalagsins.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að vera minnsti háskólinn í OpenEU verkefninu hefur Háskólinn á Bifröst lagt marga af mörkum af mikilli fagmennsku og eldmóði. Fyrsta heila verkefnaárið markaði upphaf að umfangsmikilli uppbyggingu sameiginlegs evrópsks háskólanets, og Bifröst hefur þegar haft veruleg áhrif á lykilsvið eins og samfélagstengsl, jafnrétti, sjálfbærni og alþjóðlegt samstarf.

Verkefnastjóri OpenEU er Susanne Arthur.

Bókasafn

Bókasafn Háskólans á Bifröst þjónar kennurum, nemendum og starfsfólki háskólans. Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta er veitt í bókasafninu, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og almenn notendafræðsla.

Rafrænn safnkostur 2025

Megináhersla er á að byggja upp rafrænan safnkost, kaup á prentuðu efni eru hverfandi.

- Áskriftarpakki frá ProQuest Ebook Central Business og ProQuest One Business, sem inniheldur auk bóka, tímarit og annað efni.
- Rafbókaveitan EbookCentral frá ProQuest, þar hefur bókasafnið keypt staka titla rafbóka og eru bækurnar aðgengilegar í gegnum Leitir.is.
- Rafbókasafn frá EBSCOHost Ebook Business Collection

Samstarfsverkefni háskólabókasafna 2025

Stjórnendur háskólabókasafna tilnefna í samstarfshópa eftir því sem þörf krefur og tekur forstöðumaður bókasafnsins þátt í eftirtöldum hópum:

Samstarfshópur um rafbókakaup: skoðar möguleika á auknu hagræði í sameiginlegum ritakaupum og úrlausnum tæknilegra aðgangsmála.

Samstarfshópur um opinn aðgang / opin vísindi: landssamningur um opinn aðgang (e. Transformative agreement) að tímaritum útgáfufyrirtækjanna Sage, Karger, Springer Nature og Elsevier. Samningarnir gera íslenskum fræðimönnum kleift að birta greinar í opnum aðgangi án þess að greiða birtingagjöld.

Stefna um opin og ábyrg vísindi. Samráðsfundur forstöðumanna háskólabókasafna við Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfshópur um upplýsingalæsi stóð fyrir málþinginu Er þetta heimild? Málþing um gervigreindarlæsi og notendafræðslu á háskólabókasöfnum þann 12. september 2025 í Eddu húsi íslenskunnar. Tvö erindi: Jeannette Ekstrøm, frá DTU í Danmörku - Navigating the Future: AI Competencies for Information Specialists in the Academic World og Sigurbjörg Jóhannesdóttir, HÍ - Gervigreind í háskólabókasöfnum: Frá viðhorfum nemenda að hagnýtum leiðbeiningum fyrir upplýsingafræðinga

Verkefnastjórn Skemunnar

Háskólarnir reka sameiginlega rafrænt gagnasafn skemman.is þar sem allar lokaritgerðir skólanna eru varðveittar. Nemendur skila ritgerðum til yfirferðar í Skemmunni og eru þær birtar eftir útskrift höfunda.

IRIS – upplýsingagátt fyrir rannsóknir

IRIS (Icelandic Research Information System) er gátt sem sýnir rannsóknavirkni íslenskra háskóla og rannsóknarstofnana. Vinna við uppfærslu PURE-kerfisins sem IRIS byggir á hófst 2024 og lauk árið 2025. Hægt er að yfirfæra efni úr gáttinni í framtal starfa.

Á vefnum <https://iris.ra.is/> gefst kostur á að skoða rannsóknarvirkni og samfélagslega dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir háskólanna í landinu.

Bókasafnið aðstoðar við skráningu efnis í IRIS/PURE.

Háskólinn var með 34 virka rannsakendur árið 2025.

Forstöðumaður bókasafns er Rósa Sólrún Jónsdóttir.

Skjalamál

Á árinu 2025 var mikill framgangur í skjalastjórn og skjalaskráningu Háskólans á Bifröst.

Frágangi á fyrstu vörsluútgáfunni eftir að rafræn skjalaskráning og rafræn skil voru tekin upp árið 2016, lauk eftir mikla vinnu og var vörsluútgáfunni skilað til Þjóðskjalasafns og loks samþykkt af safninu í nóvember 2025. Umrædd vörsluútgáfa nær yfir skjalavörslutímabilið 2016-2020. Seinni hluti ársins fór síðan meðal annars í að undirbúa lok núverandi skjalavörslutímabils, 2021-2025 og að undirbúa fyrirhuguð skil á næstu vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns, sem ráðgert er að skila á seinni hluta árs 2026 eða í byrjun árs 2027. Yfir 3000 mál í heild voru um áramótin 2025-2026 annaðhvort skráð með stöðuna „í vinnslu“ eða „lokið“, og öll þau mál þarf að yfirfara og undirbúa fyrir skil.

Skjalastjóri vann einnig að gerð nýs málalykils, sem tekur formlega gildi um áramótin 2025-2026, samhliða upphafi nýs skjalavörslutímabils. Eldri málalykill var orðinn úr sér genginn og nýr málalykill, sem endurspeglar starfsemi háskólans eins og hún er í dag, var orðinn tímabær. Nýi málalykillinn er því töluvert breyttur frá þeim eldri.

Þá vann skjalastjóri að nýrri og endurbættri skjalastefnu fyrir háskólann. Á árinu setti skjalastjóri af stað vinnustofur í skjalaskráningu, sem voru hugsaðar til þess að starfsfólk gæti nýtt þær í að vinna að því að skrá mál í málaskrána og einnig til að loka málum.

Árið 2025 voru 2701 ný mál skráð í málaskrána, sem er svipaður fjöldi og árið á undan þegar 2805 mál voru nýskráð.

Skjalastjóri er Arndís Bragadóttir.

Mannauðsmál

Árið 2025 einkenndist af ákveðnum stöðugleika í starfsmannahópi Háskólans á Bifröst. Á árinu voru 8 nýir starfsmenn ráðnir og 7 létu af störfum. Breyting varð innan stjórnendahópsins þegar dr. Bjarni Már Magnússon lét af störfum sem deildarforseti Lagadeildar á haustmánuðum og tók dr. Haukur Logi Karlsson við af honum. Líkt og fyrri ár voru haldnir ýmsir viðburðir, þar sem árshátíð háskólans bar hæst en hún fór fram á Hótel Vesturlandi í Borgarnesi.

Í árslok 2025 voru 80 starfsmenn í föstu starfi við Háskólann á Bifröst, sem er lítilleg fjölgun frá árslokum 2024 þegar þeir voru 78. Heildarstöðugildi í árslok voru 73,15. Meðalaldur starfsfólks var 49 ár og aldursbil þess var frá 30 til 69 ára, sem endurspeglar töluverða breidd í starfsmannahópnum.

Af föstu starfsfólki voru 64% konur og 36% karlar. Konur voru áfram í meirihluta í stjórnáslu, eða um 80%. Kynjahlutföll meðal akademískra starfsmanna voru jafnari, þar sem karlar voru 58% og konur 42%.

Áhersla háskólans á samþættingu fræða og framkvæmda birtist meðal annars í öflugum hópi stundakennara, en um 100 stundakennarar kenndu við háskólann á árinu. Á árinu 2025 fengu þrjú starfsmenn framgang í stöðu prófessors, þau Einar Svansson, dr. Guðrún Johnsen og dr. Magnús Árni Skjöld. Þá fengu tveir starfsmenn framgang í stöðu dósent, þeir Brynjar Þór Þorsteinsson og Kári Johnsen.

Starfsmannavelta minnkaði á milli ára en á árinu 2025 var hún 8.8% m.v. 23,8% á árinu 2024.

Akademískir starfsmenn

	2025	2024	2023
Prófessor	12	10	7
Dósent	5	5	7
Lektor	10	12	13
Aðjúnt	6	4	6
Samtals:	33	31	33

Mannauðsstjóri er Heiður Ósk Pétursdóttir.

Lykiltölur í árslok 2025

	Fjöldi fastráðinna	Fjöldi stöðugilda	Konur %	Karlar %
Háskólaskrifstofa	46	41,65	80%	20%
Fasteignaþjónusta (án Kiðár)	1	1	100%	0%
Fast akademískt starfsfólk	33	30,5	42%	58%
Heild:	80	73,15	65%	35%

Markaðs- og samskiptamál

Tveir starfsmenn bættust í hópinn hjá markaðs- og samskiptadeild á árinu. Gabríel Benedikt Bachmann hóf störf snemma á árinu í hlutastarfi og snúa verkefni hans að miklu leyti að hönnun og grafískri vinnu. Atli Þór Fanndal hóf störf hjá deildinni á haustmánuðum einnig í hlutastarfi. Hans verkefni snúa m.a. að samskiptahluta deildarinnar.

Umsjón með vef Háskólans á Bifröst, bifrost.is er á ábyrgð markaðsdeildar. Vefurinn er kominn til ára sinna og krefst hann töluverðrar vinnu við að halda honum við.

Áfram var mikið þúður lagt í markaðsherferð fyrir haustönn 2025. Markmiðið var að viðhalda fjölda nýskráninga líkt og árið á undan, sem tókst mjög vel, og fjölgaði enn frekar nýnemum við háskólann.

Eins og fyrra ár sá Birtingahúsið um birtingaáætlanir og öll samskipti við auglýsingamiðla fyrir hönd Háskólans á Bifröst nema samfélagsmiðla þar sem Atli Björgvinsson sá um að stýra birtingum. Með því að hafa almennar birtingar á einni hendi er utanumhald fyrir birtingar á einum stað sem auðveldar markaðsdeildinni yfirsýn.

Háskólinn á Bifröst tók þátt í mörgum viðburðum á árinu, svo sem Háskóladeginum, Gullegginu frumkvöðlakeppni, Vísindavöku og Mannauðsdeginum. Á slíkum viðburðum gefst tækifæri til að kynna skólann og starfsemina og eiga samtál við áhugasama. Markaðsdeildin kom einnig að skipulagningu ýmissa innri viðburða, þar á meðal ráðstefnunnar Ísland og norðurslóðir í nýjum heimi – ógnir og öryggi, áskoranir og tækifæri, sem Félagsvísindadeild stóð fyrir og haldin var í Norræna húsinu í maí.

Kennarar við háskólann voru áfram áberandi sem álitgjafar í umræðunni í samfélaginu, með dr. Eirík Bergmann, dr. Bjarna Mía Magnússon og dr. Magnús Árna Skjöld Magnússon fremsta á meðal jafningja.

Starfsfólk markaðs- og samskiptadeildar eru Anna Helga Einarsdóttir verkefnastjóri, Atli Þór Fanndal Guðlaugsson verkefnastjóri og Gabríel Benedikt Bachmann grafískur hönnuður.

Markaðs- og samskiptastjóri er Sigurrós Jónsdóttir.

Rannsókn- og vísindastarf

Efling rannsóknastarfs við Háskólann á Bifröst er hluti af stefnu háskólans til ársins 2030. Markmiðið er að skapa öflugan vettvang rannsókna á sviðum félagsvísinda, viðskiptafræði og lögfræði.

Rannsóknastjóri leiðir stoðþjónustu rannsókna við háskólann og stuðlar að bættum gæðum. Stoðþjónustan vinnur að því að efla þjónustu og innviði rannsókna og leitar leiða til að auka utanaðkomandi fjármögnun rannsókna við háskólann. Þjónustan styður akademíska starfsmenn í alþjóðlegu samstarfi og veitir ráðgjöf um rannsóknaverkefni, styrkumsóknir og stjórnun. Stuðningur felst meðal annars í markvissri miðlun upplýsinga til akademískra starfsmanna um sjóði, styrkumsóknir og aðrar leiðir til að fjármagna rannsóknastarf sem og alþjóðlegt samstarf. Þar að auki er stoðþjónustan ráðgefandi um áætlunargerð, skipulag og stjórnun rannsóknaverkefna, skýrslugerð og samskipti við fjármögnunar- og samstarfsaðila.

Stoðþjónusta rannsókna vinnur í samstarfi við Rannís, Research Evaluation Advisory Committee (REAC), Félag rannsóknarstjóra á Íslandi (Iceland), European Association of Research Managers and Administrators (EARMA) og sérfræðinganevnd klasa 2 í Horizon Europe á vegum Rannís. Rannsóknastjóri heyrir undir rektor og starfar náið með öðrum deildum skólans.

Á árinu 2025 hóf Audrone Gedziute störf sem verkefnastjóri rannsókna í hlutastarfi.

Vinna ársins 2025 við uppbyggingu rannsóknainnviða við háskólann fól í sér innleiðingu ýmissa ferla og aukna áherslu á upplýsingaöflun.

Í febrúar hófst vinna við að taka saman tölur um rannsóknastig við háskólann, þar sem bornar voru saman upplýsingar um fjölda stiga, fjölda starfsmanna og rannsóknahlutfall. Þar að auki voru tölur teknar saman um aflstig. Við uppfærslu á gögnum komu í ljós einhverjar breytingar á heildartölum sem hafa verið leiðréttar afturvirk.

Samhliða þessu var samstarf við fjármáladeildina eflt og nýjar verklagsreglur útbúnar til að bæta eftirfylgni, stjórnun og skýrslugjöf varðandi rannsókn-

styrki. Settar voru reglur um rannsóknamisseri og fyrirkomulag um styrki fyrir starfsmenn sem fara í rannsóknaleyfi. Unnið var áfram að yfirfærslu í IRIS Pure Community Model allt árið 2025.

Rannsóknaverkefni

Á árinu voru 14 virk rannsóknaverkefni við háskólann, af þeim má helst nefna: IN SITU: Place-based innovation of cultural and creative industries in non-urban areas sem styrkt er af Horizon Europe. Anna Hildur Hildibrandsdóttir lektor leiðir vinnupakka í verkefninu.

HEIST-Hybrid space/submarine architecture Ensuring Infosec of Telecommunications styrkt af NATO Science for Peace and Security Programme. dr. Bjarni Már Magnússon, dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon og Gregory Falco eru fulltrúar Bifrastar í verkefninu.

Young Green Entrepreneurship Ecosystem styrkt af Erasmus + Strategic Partnership. Hlynur Finnbogason verkefnastjóri er fulltrúi Bifrastar í verkefninu.

Háskólinn á Bifröst hlaut á árinu Jean Monet Chair styrk með áherslu á stöðu Íslands í öryggismálum norðurslóða og Evrópu. Verkefnið er leitt af dr. Magnúsi Árna Skjöld Magnússyni og nýtur stuðnings Evrópusambandsins í gegnum Erasmus+ áætlunina.


Nordic disinformation er þriggja ára samstarfsverkefni sem styrkt er af NordForsk. Fulltrúi Bifrastar í verkefninu er dr. Eiríkur Bergmann.

Þar að auki eru sex akademískir starfsmenn þátttakendur í átta "cost-action" samstarfsverkefnum sem fjalla m.a. um bláa hagkerfið, allt frá evrópuefahyggju og popúlisma, til gervigreindar í fjármálum.


Gert var stóráttak í þjónustu við umsækjendur í Rannsóknasjóð í umsjón Rannís. Haldnir voru undirbúningsfundir og unnu rannsóknastjóri og verkefnastjórar rannsókna með akademískum starfsmönnum að umsóknum.

Rannsóknastjóri er dr. Kasper Simo Kristensen.


Árleg rannsóknastig




Stöðugildi



Meðaltal rannsóknastiga á stöðugildi



Meðaltal rannsóknastiga



Gæðamál

Gæðastefnu Háskólans á Bifröst er ætlað að fylgja eftir þeim kröfum sem gerðar eru til innra og ytra mats á starfsemi íslenskra háskóla. Þá er gæðastarf innan Háskólans á Bifröst opið og gagnsætt og einkennist af gagnrýninni nálgun, framsýni og stöðugu umbótastarfi. Markmið þess er að auka og efla gæði náms, kennslu og rannsókna, með því að bjóða upp á lærdómssamfélag sem stenst bæði íslenskar og alþjóðlegar gæðakröfur og stendur vörð um gæði prófgráða. Starfsemi Háskólans á Bifröst er hluti af evrópska háskólasvæðinu (EHEA), og er gæðakerfi háskólans rekið í samræmi við Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area. Þá starfar háskólinn einnig samkvæmt rammaáætlun um eflingu gæða í æðri menntun á Íslandi og kröfum Gæðamats háskóla, auk þess sem hann tekur þátt í samstarfi háskóla í gæðamálum á vettvangi samstarfsnefnda Gæðamats háskóla á sviði náms, kennslu og rannsókna.

Gæðastarf Háskólans á Bifröst miðar að því að tryggja og efla gæði náms, kennslu og rannsókna með markvissri innri gæðastjórnun og reglubundinni rýni á starfsemi skólans. Árleg gæðaskýrsla veitir yfirlit yfir helstu þróun í gæðamálum og fyrirhugað innra gæðamat.

Með tilkomu QEF3 gæðarammans eru gerðar þær breytingar að háskólar hafa meira sjálfstæði er varðar fyrirkomulag innra gæðastarfs, svo fremi sem að það sé altækt og nái til allrar starfsemi skólans. Þá er mat á umsýslu rannsókna og samfélagslegum áhrifum háskóla orðið að formlegum hluta ytra gæðamats. Mikið þróunarstarf varðandi gæðaeftirlit með umsýslu rannsókna og samfélagsleg áhrif átti sér stað á árinu.

Á árinu hófst umfangsmikið alþjóðlegt samstarf með þátttöku í OpenEU verkefninu sem styrkt er af Evrópusambandinu. Verkefnið felur í sér þróun náms og rannsókna og aukið framboð náms á ensku. Þá er unnið að nýju námi í stjórnun hafsvæða í samstarfi við Tækniskólann og Landhelgisgæslu Íslands.

Háskólinn hefur áfram þróað tæknilausnir í kennslu og gæðastarfi, meðal annars með innleiðingu gervigreindarbundinna greiningarkerfa til að fylgjast með framvindu náms og styðja við nemendur. Einnig hefur verið tekið upp stafrænt próftökukerfi sem eykur aðgengi nemenda að prófum í fjarnámi. Á árinu var mótuð ný stefna fyrir háskólann með víðtæku samráði við hagsmunaaðila og vinna við innleiðingu hennar hófst haustið 2025. Samhliða hefur farið fram endurskoðun á stefnum og reglum, meðal annars á sviði rannsókna, kennslu, mannaúsmála og gæðamála, í samræmi við kröfur QEF3-gæðarammans.

Unnið hefur verið að því að styrkja gagnadrifna ákvarðanatöku og samanburðargreiningu með auknu samstarfi við innlenda og erlenda háskóla, meðal annars innan OpenEU. Þá hefur gæðakerfi skólans verið þróað áfram með reglubundinni gagnasöfnun samkvæmt árlegri verkáætlun. Innra gæðamat heldur áfram með reglubundnum úttektum á námsleiðum. Á árinu 2025 lauk úttekt á tveimur námsleiðum og aðrar eru í vinnslu. Á árunum 2026–2027 verður framkvæmt deildarmat þar sem starfsemi allra deilda verður metin með hliðsjón af kennslu, rannsóknum og samfélagslegum áhrifum, með aðkomu innri og ytri hagsmunaaðila.

Tvær tölfræðiskýrslur fyrir fagstjóra skólans voru unnar samkvæmt gæðastefnu, þar sem hver námsleið var tölfræðilega rýnd. Fagstjórar bera ábyrgð á gæðaeftirliti innan sinnar námsleiðar, m.t.t. inntaks, námsefnis og fræðilegra krafna. Fundir með rýnihópum voru haldnir með nemendum haustið 2025, en niðurstöður úr þeim nýtast fagstjórum og deildarforsetum vel sem endurgjöf fyrir umbótastarf.

Gæðaþjálfun fulltrúakosinna nemenda

Í samvinnu við Nemendafélag Háskólans á Bifröst hefur verið unnið markvisst að því að auka þátttöku nemenda í gæðastarfi skólans. Í desember fór fram árleg gæðaþjálfun fyrir kjörna fulltrúa nemenda í nánu samstarfi við LÍS -Landssamtök íslenskra stúdenta, en markmið hennar er að styrkja hagsmunagæslu og réttindaeftirlit á vegum nemendafélagsins og hvetja til virkrar þátttöku nemenda í nefndum og ráðum skólans.

Matsþættir og sjálfsmat gæðamála

Gæðaeftirlit byggir að stórum hluta á sjálfsmati, sem unnið er á grunni reglubundinna úttekta, mælinga, umbótaáætlana og eftirfylgni. Gagnasöfnun er í þessu sambandi framkvæmd í samræmi við árlega verkáætlun (e. operational calendar), sem er samstarfsverkefni gæðastjóra, mannauðsstjóra, kennslustjóra og þjónustustjóra upplýsingatækni. Umrædd gagnasöfnun er svo endurskoðuð árlega m.t.t. til þess hvers konar tölfræðilegum gögnum skal safnað, hvenær ársins og hver meti eða túlki viðkomandi gögn. Ýmsum talnagögnum er jafnframt safnað fyrir ytri aðila, s.s. Hagstofu Íslands og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið. Þá liggja jafnan fyrir hvern fund framkvæmdastjórnar tölfræðileg gögn varðandi framgang sjálfmatsins innan háskólans.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- 99% nemenda töldu auðvelt að sækja um nám við Háskólann á Bifröst.
- 84% nemenda töldu skipulag námsins gott, sem er hækkun frá 78% árið 2020.
- 96% voru ánægð með Canvas sem kennsluforrit.
- Almennu voru 79% nemenda ánægðir með gæði námsins í heild.
- 85% töldu verkefnanálgun skólans gagnlega til að ná tökum á námsefninu.
- Samskipti og upplýsingagjöf um námið á heimasíðu skólans bættust, þar sem 86% nemenda lýstu yfir ánægju, borið saman við 77% árið 2020.
- Varðandi heildarmyndina myndu 83% mæla með námi á Bifröst, samanborið við 82% árið 2020, og 77% töldu ímynd skólans út á við jákvæða, borið saman við 69% árið 2020.

Einnig voru gerðar tvær kannanir á árinu sem náðu til nemenda sem útskrifuðust 18 mánuðum áður, samkvæmt þar að lútandi verklagsreglum:

- 98% mæla með námi við Háskólann á Bifröst eftir útskrift.
- Enginn þátttakandi var án atvinnu 18 mánuðum eftir útskrift.
- Áður en nám hófst við háskólann bjuggu 59% á höfuðborgarsvæðinu og 41% utan þess. Hlutfall þeirra var síðan 61% sem bjuggu áfram utan höfuðborgarsvæðisins að útskrift lokinni, 18 mánuðum síðar.
- 49% brautskráðra hlaut starf hjá fyrirtækjum á almennum markaði.

Gæðastjóri er dr. Einar Hreinsson.

Nýsköpun og samfélagsleg virkni

Samfélagsþátttaka er fjórða stoðin í stefnumiðum Háskólans á Bifröst fram til ársins 2030. Á síðustu árum hafa háskólar, bæði á Íslandi og víða um Evrópu verið að draga slíkar áherslur fram og fela þær í sér að háskólar hafa skyldum að gegna við samfélagið og ekki síst gagnvart nærumhverfi þeirra.

Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla

Nýsköpun í námi og stuðningur við frumkvöðlastarf eru hornsteinar í framlagi Háskólans á Bifröst til virkari þátttöku í samfélaginu. Árið 2025 einkenndist af áframhaldandi þátttöku skólans í að byggja upp innviði á þessu sviði á Vesturlandi þar sem hinir ýmsu aðilar í landshlutanum taka höndum saman. Árið 2025 er þriðja starfsár bæði Nýsköpunarnets Vesturlands (NýVest) og Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi.

NýVest er samráðs- og samstarfsvettvangur allra þeirra aðila á Vesturlandi sem vilja tengja sig við nýsköpun og eflingu atvinnulífs í víðum skilningi. NýVest er þannig ætlað að vera samstarfsnet sem styður við nýsköpun á Vesturlandi, en um þetta hlutverk segir á vefsíðu þess: Nýsköpunarnet Vesturlands er bakhjarl landshlutans í málum nýsköpunar ásamt því að tengja saman frumkvöðla og hagaðila (www.nyvest.is).

Gleipnir er sjálfseignarstofnun með aðsetur á Hvanneyri, stofnuð að undirlagi Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Bifröst. Tilgangur setursins er að leiða og byggja upp samstarf stofnaðila, stjórnvalda og annarra hagaðila

með áherslu á að efla rannsóknir og hagnýtingu þeirra, stefnumótun, nýsköpun og fræðslu á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála.

Árið 2025 var ár uppbyggingar, aukinnar alþjóðlegrar þátttöku og öflugrar verkefnaþróunar hjá Gleipni – Nýsköpunarsetri Vesturlands. Starfsemin beindist að því að efla tengsl milli atvinnulífs, rannsókna og hins opinbera, með áherslu á sjálfbæra nýsköpun á sviði matvælaframleiðslu, lífhagkerfis, orkumála og hringrásarhagkerfisins.

Gleipnir tók virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og evrópskum rannsóknaverkefnum, jafnframt því að vinna að fjölmörgum styrkumsóknum og undirbúningi nýrra innviða fyrir nýsköpun á Vesturlandi. Sérstök áhersla var lögð á þróun verkefna tengdum nýtingu sjávarauðlinda, þörungarækt og sjálfbærri orkunýtingu.

Með markvissri vinnu við verkefnaþróun, samstarf og uppbyggingu tengslanets hefur Gleipnir styrkt stöðu sína sem lykilaðili í nýsköpun og sjálfbærri þróun á Vesturlandi og lagt grunn að áframhaldandi vexti og verðmætasköpun á svæðinu.

Framkvæmdastjóri Gleipnis er dr. Alexander Schepsky.



1918 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1918-1919

1920 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1920-1921

1925 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1925-1926

1930 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1930-1931

1935 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1935-1936

1940 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1940-1941

1945 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1945-1946

1950 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1950-1951

1955 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1955-1956

1960 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1960-1961

1965 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1965-1966

1970 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1970-1971

1975 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1975-1976

1980 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1980-1981

1985 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1985-1986

1990 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1990-1991

1995 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
1995-1996

2000 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
2000-2001

2005 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
2005-2006

2010 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
2010-2011

2015 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
2015-2016

2018 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
2018-2019



**HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST**

**LÆRÐU HVAR
SEM ER**

bifrost.is

**HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST**

**LÆRÐU HVAR
SEM ER**

bifrost.is



Fjármála- og rekstrarsvið

Fjármála- og rekstrarsvið heldur utan um fjármál háskólans, innheimtu, launamál og almenna fjármálastjórn. Undir sviðið heyrir einnig húsnæðissvið sem heldur utan um útleigu og viðhald á húsnæði.

Áherslur ársins 2025 hafa verið að uppfæra alla ferla og gera fjármálastjórnun sjálfbæra, meðal annars með virkri þátttöku stjórnenda í almennum rekstri og gerð fjárhagsáætlana.

Starfsmaður á fjármálasviði er Anna María Sigurðardóttir, aðalbókari og innheimtufulltrúi. Þá heyrir umsjónarmaður húsnæðis og bókari hjá Kiðá ehf. einnig undir sviðið og hefur Eva Benedikts Días gegnt því starfi frá 2022. Starfsmenn viðhaldsdeildar voru fjórir í árslok. Pablo Rolando Días Orellana hefur haft umsjón með viðhaldsdeild en þar undir falla allar íbúðir á Bifröst auk skólahúsnæðisins.

Fjármálastjóri er Anna Þórunn Reynis.




Fjármála-og rekstrarsvið

Allar tölur í milljónum króna

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Tekjur	821	844	936	1.088	1.315	1.329	1.339	1.430	1.388
Skammtímaskuldir	283	241	229	207	154	209	202	297	431
Langtímaskuldir	370	277	270	257	167	102	98	97	93
Fjármagnskostnaður	(37)	(29)	(24)	(23)	(22)	(9)	(3)	(0,6)	0
Hagnaður	34	3	17	96	191	39	16	-21	27

Breytingar frá 2017-2025



Húsnæðisþjónusta

Nemendagarðar á Bifröst eru í eigu Kiðár ehf., dótturfélags Háskólans á Bifröst. Heildarfjöldi fasteigna í eigu félagsins á árinu 2025 voru 70 eignir. Um 65% húsnæðisins er í útleigu bæði herbergi og íbúðir. Nemendur leigja áfram hjá Kiðá á staðlotum og þar er einnig gistaðstaða fyrir kennara og starfsmenn.

Veruleg eftirspurn var jafnan eftir leiguhúsnæði á Bifröst og algengt að biðlistar mynduðust eftir húsnæði.

Eva Benedikts Días er umsjónarmaður húsnæðis.

Viðhaldsdeild

Starfsemi viðhaldsdeildar var með hefðbundnu sniði á árinu. Unnið var að viðhaldsverkefnum vegna aðalbyggingar og tengdra bygginga, samhliða venjubundnu viðhaldi og þrifum á íbúðarhúsnæði, auk árstíðabundinna útiverka af ýmsu tagi.

Mikil vinna hefur verið lögð í að viðhalda skólahúsnæðinu, meðal annars með reglubundnu eftirliti með hitastigi og raka. Jafnframt hefur rekstrarkostnaður húsnæðisins verið í stöðugri skoðun, enda er kostnaðarsamt að reka húsnæði af þessari stærðargráðu. Skólabyggingin hefur að mestu verið tæmd en umsjón og viðhald hefur haldið áfram þrátt fyrir að engin starfsemi sé í húsnæðinu.

Áfram er unnið að endurbótum á íbúðum og stökum herbergjum á Bifröst, en kominn er tími á viðhald í mörgum íbúðum. Töluverð vinna fylgir því að sinna húsnæði í almennri útleigu, en það hefur gengið vel.

Starfsmenn viðhaldsdeildar eru Pablo Rolando Díaz Orellana, Grace Waswi, Mohamad Hure og Oleksandr Perkov.



Kennslu- og upplýsingatæknisvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu og heildarþjónustu við nemendur, kennara og annað starfsfólks skólans. Kennslusvið hefur umsjón með kennslukerfi (Canvas), prófakerfi (Inspira) og nemendaskrárkerfi (Ugla) skólans og sér meðal annars um útskriftir nemenda, móttöku umsókna, útgáfu vottorða eða annarra staðfestinga vegna náms, mati á fyrra námi, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmda lokaprófa, náms- og starfsráðgjöf og umsjón með starfsnámi svo nokkur verkefni séu upptalin. Starfsmenn kennslusviðs sjá einnig um mikilvæga þætti í skólastarfinu eins og framkvæmd námskeiðsmats og skipulagningu á staðlotum. Eins er skipulag skólaársins, lotuskiptingar og þróun kennsluhátta á ábyrgð sviðsins.

Á meðal helstu verkefna upplýsingatæknisviðs er rekstur á upplýsingatæknikerfum háskólans ásamt samskiptum við birgja og aðra þjónustuaðila vegna hugbúnaðar- og upplýsingatæknikerfa. Sviðið annast einnig tækniþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk háskólans, hefur gæðaeftirlit með upplýsingatæknikerfum í samræmi við stefnumörkun háskólans og framfylgir reglubundinni öryggis- og áhættugreiningu þeirra. Þá sinnir sviðið nýsköpun og þróun hugbúnaðar og hefur umsjón með tölfræðivinnslu og gagnagreiningu í samstarfi við önnur svið og deildir innan skólans.

Í upphafi nýs skólaárs 2025 var ákveðið að Kennslu- og upplýsingatæknisvið myndi áfram starfa sem eitt svið undir stjórn framkvæmdastýru kennslu- og upplýsingatæknisviðs.

Starfsstöðvar og starfsemi

Starfsemin var sem áður bæði á Hvanneyri, á Hvanneyrargötu 3, og í Borgartúni 18 í Reykjavík eftir að starfstöðin fluttist frá Bifröst haustið 2024.

Á vorönn 2025 var ákveðið að ekki yrðu teknir inn nýnemar vegna þess hve mikill fjöldi hóf nám haustið áður og kennarar og stjórnslá voru enn að aðlagast þeim breytingum sem það hafði í för með sér.

Áfram var samið við Menntaskóla Borgarfjarðar og Landbúnaðarháskóla Íslands um kennsluáðstöðu á staðlotum. Nýnemadagar Háskólagáttar fóru fram í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands en nýnemadagur grunn- og meistaranema fór fram á Teams þar sem ekki fannst hentugt húsnæði. Kennsla á staðlotum Viðskiptadeildar fór fram í húsnæði Menntaskóla Borgarfjarðar á haustönn, en kennsla Lagadeildar, Félagsvísindadeildar og Háskólagáttar fór fram í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Á vorönn fóru staðlotur eingöngu fram í húsnæði Landbúnaðarháskólans þegar ljóst var að öll kennsla myndi rúmast þar. Það var bæði til einföldunar og til ánægju að ná nemendum og starfsfólki saman á einn stað.

Ekki urðu miklar breytingar á mannaforráðum á kennslusviði en þó urðu nokkrar tilfærslur á starfsfólki milli starfa. Arna Kristín Sigurðardóttir færðist yfir á upplýsingatæknisvið sem tæknimaður. Helena Dögg Haraldsdóttir færði sig úr starfi verkefnastjóra grunnnáms Viðskiptadeildar yfir í prófstjórn og í hennar stað kom Katrín Rósa Eðvaldsdóttir.

Starfsmenn upplýsingatæknisviðs eru Auðbjörg Jakobsdóttir, sem kom aftur til starfa eftir leyfi og starfar sem upplýsinga- og gagnasérfræðingur. Bernharður Guðmundsson og Ólafur Jóhannsson eru verkefnastjórar á sviðinu. Ólafur Örn Haraldsson lét af störfum í mars og kom Arna Kristín Sigurðardóttir inn á upplýsingatæknisvið af kennslusviði í hans stað. Sigurður Kristófersson er kerfis- og netöryggistjóri.

Inntaka nemenda að hausti var umfangsmikil en um 970 nýnemar hófu nám við Háskólann á Bifröst.

Vegna mikillar fjölgunar nemenda við háskólann síðasta ár var misserisverkefna vertíðin sú stærsta til þessa. Yfir 300 nemendur tóku þátt í rannsóknarverkefnum og vörnum á þeim. Mikill undirbúningur og skipulag fylgdi þessum mikla fjölda nemenda en verkefnastjórar tóku hitann og þungann af þeirri vinnu ásamt öðru starfsfólki kennslu- og upplýsingatæknisviðs. Með samstilltu átaki gekk verkefnið vel og nemendur, leiðbeinendur, prófdómarar og fundastjórar sinntu hlutverkum sínum af fagmennsku.

Í upphafi árs 2025 fór af stað markviss vinna við yfirferð á öllum verkferlum innan kennslu- og upplýsingatæknisviðs. Í lok árs var þeirri vinnu skilað inn til framkvæmdastjórnar.

Kennsla, ráðgjöf og þróun

Í apríl var tekin ákvörðun um að halda áfram með tilraunaverkefni í FeedbackFruits og festa kerfið þar með í sessi. FeedbackFruits kemur með viðbætur inn í kennslukerfið Canvas, meðal annars jafningjamat, hópamat og gagnvirka kennslu. Kennarar sem hafa notað forritið eru almennt ánægðir með það sem og nemendur. Kennurum bauðst að sitja kynningu og kennsluefni var útbúið til að auðvelda innleiðingu á kerfinu.

Í upphafi árs var einnig hafin innleiðing á kerfinu Intelligent Inside. Kerfið auðveldar eftirlit með námskeiðum, gæðaúttektum, fagstjóráskýrslum og eftirfylgniverkefnum náms- og starfsráðgjafa með nemendum. Einnig einfaldar það aðgang að upplýsingum en verið er að vinna að frekari aðlögun að kerfinu.

Á vorönn var tekin ákvörðun um innleiðingu á nýrri viðbót við prófakerfi skólans, Inspera Integrity Browser. Viðbótin við Inspera kerfið eykur sveigjanleika nemenda við próftöku og geta nemendur nú tekið próf í því umhverfi sem þeim finnst best að vera hverju sinni. Gervigreindartól eru nýtt í yfirsetuna og eru nemendur teknir upp í mynd og hljóði. Mikið samráð var haft við persónuvernd og persónuverndarlögfræðingur fenginn til að gera mat á áhrifum persónuverndar á tólinu áður en ákvörðun um innleiðingu kerfisins hófst. Innleiðing hófst á haustönn 2025 og verður lokið fyrir haustönn 2026.

Kynningar á kerfinu voru haldnar fyrir nemendur og kennara og fræðslumyndbönd gerð aðgengileg fyrir hópana.

Áfram var boðið upp á vinnustofur og örnámskeið fyrir kennara og starfsfólk skólans. Námskeiðin miðuðu að þeim þáttum sem voru í forgrunni hverju sinni og tóku þátttakendur þátt í umræðum um kennslufræði, praktísk málefni og nýjungar í kennslu og tækni. Þar á meðal voru fyrirlestrar um markmiðasetningu, fyrirmyndafyrirlestra, matskvarða, fjölþætt námsmat og munnleg próf á tímum gervigreindar.

Brunnurinn leit dagsins ljós en um er að ræða kennslusíðu í Canvas þar sem kennarar geta nálgast kennsluefni og leiðbeiningar á kerfin sem og kennslufræðilega fyrirlestra. Síðan verður yfirfarin og skoðuð hverju sinni með það í huga að kennarar hafi ávallt aðgang að sem bestum upplýsingum til að sinna starfi sínu.

Háskólinn á Bifröst notar eins og aðrir háskólar landsins, Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna.



Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, framkvæmdastýra Kennslu- og upplýsingatæknisviðs

Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildanotkun.

Sólveig Hallsteinsdóttir, Jóhanna Marín Óskarsdóttir og Helena Dögg Haraldsdóttir tóku þátt í vinnu við yfirferð á ervigreindarstefnu skólans ásamt leiðbeiningum um notkun gervigreindar fyrir bæði nemendur og kennara. Í nefndinni sátu einnig tveir fulltrúar kennara, Sævar Ari Finnbogason og Hanna Kristín Skaftadóttir, auk gæðastjóra dr. Einars Hreinssonar.

Að beiðni ráðuneytis háskólamála var farið að vinna í vöruhúsi gagna, sem er gagnaskilakerfi inni í nemendaskrárkerfi skólans, Uglunni. Þegar kvarðar eru vottaðir getur ráðuneytið nálgast upplýsingar frá skólunum um fyrir fram ákveðna þætti daglega og fylgst þannig með framgangi mála. Vinna við vottun kvarðana hófst í nóvember 2024 og stóð yfir fram á haust 2025. Kennslu- og upplýsingatæknisvið tók þátt í ráðstefnum og heimsóknum til samstarfsháskóla innan Open EU og EADTU á árinu 2025.

Jóhanna Marín Óskarsdóttir og Sólveig Hallsteinsdóttir fóru á EADTU ráðstefnu til Brig í Sviss í byrjun júní þar sem þær fluttu erindi um hönnun stafræns náms með áherslu á virkni og áframhaldandi þátttöku nemenda í fjarnámsskóla, einnig var komið inn á innleiðingu á Intelligent Inside.

María Berndsen og Jóhanna Marín fóru á Canvas ráðstefnu í Osló í byrjun nóvember þar sem María flutti erindi um Intelligent Inside. Erindið varð kveikjan að fjölda boða á aðrar ráðstefnur þar sem kynnt var notkun viðbótarinnar. María tók þátt í Customer Discovery Session á vegum Instructure í Búdapest, flutti erindi á CanvasCon í Spokane í júlí, og var einnig með erindi á ráðstefnu gæðamats háskólanna í september um innleiðingu Bifrastar á Intelligent Insights. Að lokum var hún boðsgestur Instructure á OpenEduca Berlin í desember, þar sem hún flutti erindi og svaraði fyrirspurnum að kynningu lokinni. María og Jóhanna taka einnig þátt í samstarfsverkefni háskólanna sem kallast Heimahöfn en því lýkur árið 2026.

Hlynur Finnbogason og Bernharður Guðmundsson fóru á Inspera ráðstefnu í Noregi í október til að kynna betur tengiliðum okkar og fá betri innsýn inn í

þær viðbætur og nýjungar sem framundan eru í kerfinu. Ferðin var nýtt til að heimsækja höfuðstöðvar Inspera og funda með tengiliðum okkar að ráðstefnu lokinni.

Hugrún Ósk Guðjónsdóttir tók þátt verkefni með Lagadeild sem heimsótti samstarfsskóla í Grikklandi.

Kennslusvið hefur að auki verið með tvo fulltrúa í starfshópi sem kallast Gæði háskólanáms á stafrænum tíma, þær Maríu Berndsen og Jóhönnu Marín Óskarsdóttur en allir háskólar landsins koma að þessu verkefni.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir framkvæmdastýra kennslu- og upplýsingasviðs tók sæti í sameiningarnefnd Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri sem lauk störfum í október 2025.

Hugbúnaður, kerfi og innleiðingar

Háskólinn á Bifröst notar Microsoft hugbúnað fyrir almenna starfsemi og nýtir fjölþátta auðkenningu til að tryggja öryggi aðgangs. Aðkeypt samhæfð prentþjónusta gerir notendum kleift að tengjast hvaða prentara háskólans sem er, óháð staðsetningu.

Upplýsingatæknisvið hefur komið að innleiðingu og yfirferð á Inspera Integrity Browser forritinu, Canvas kerfi skólans og Uglunni þar sem verið er í stöðugum uppfærslum og endurbótum á kerfunum starfsemi skólans til hægðarauka. Að sama skapi hefur sviðið komið að úrbótum og þróun á skjalakerfi skólans. Netöryggismálin hafa einnig verið í brennidepli á sviðinu, ný netöryggis- og viðbragðsáætlun leit dagsins ljós sem kynnt var í framkvæmdastjórn í lok október og tók gildi þegar í stað. Sviðið hefur komið að mikilli tölfræðivinnu meðal annars yfirferð vegna vöruhúss gagna sem veitir ráðuneyti háskólamála aðgengi að mikilvægum tölfræðiupplýsingum og skýrsluskrifum til stjórnar skólans, framkvæmdastjórnar og fagstjóra sem og til ytri aðila.

Reset.bifrost.is var tekin í notkun sem gerir notendum skólans kleift að endurnýja lykilorð að kerfum skólans án aðkomu tæknisviðsins.

Náms og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar skólans eru Helga Rós Einarsdóttir og Unnur Símonardóttir.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafar starfa í þágu nemenda og gæta hagsmuna þeirra. Þjónustan er einstaklingsbundin og fer fram í trúnaði. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að vellíðan nemenda, efla færni þeirra og sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi og aðstoða þá við að finna áhuga sínum og hæfileikum farveg.

Náms- og starfsráðgjafar aðstoða nemendur þegar upp koma áskoranir sem geta haft áhrif á námsframvindu og vellíðan þeirra í námi. Þeir veita ráðgjöf um náms- og starfsval, leiðbeina um skipulögð vinnubrögð í námi og hafa umsjón með sérúrræðum. Þá halda þeir utan um nemendur og vinna markvisst að því að sporna gegn brotthvarfi. Tekin eru út gögn úr Canvas um virkni nemenda, svo sem hvort þeir hafi opnað námskeið eða skilað verkefnum, og haft er samband við þá sem ekki hafa verið virkir til að hvetja þá áfram. Einnig taka náms- og starfsráðgjafar þátt í að kynna skólann. Þar á meðal eru kynningar í framhaldsskólum, þátttaka í háskóladeginum og þátttaka í Alþjóðaviku Open EU þar sem kynntar eru aðgerðir skólans gegn brotthvarfi.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í kynningum, voru með rafræna fræðslu, og nýttu tölvupóst og Uglu til að miðla upplýsingum til nemenda.

Árið 2025 voru skráð samtals 2232 erindi, þar af 709 viðtöl í síma eða á staðnum og 1489 erindi í tölvupósti. Af þessum 2232 erindum bárust 968 erindi á vor- og sumarönn og 1264 á haustönn. Aukning milli árána 2024 og 2025 nam 170% í heildarfjölda skráðra erinda.

Námskeið á vegum náms- og starfsráðgjafa

Árið 2025 var nemendum boðið upp á sex örfyrirlestra í rauntíma í gegnum Teams. Efni þeirra var meðal annars hagnýt ráð í fjarnámi, markmið og tímastjórnun, lokaritgerðarskrif, lestrar- og glósutækni, frestun og prófaundirbúningur, próftaka og prófkviði, þar sem tvö námskeið voru haldin á hvorri önn.

Skráning á námskeiðin var breytileg, en á bilinu 15–60 nemendur skráðu sig á hvert námskeið. Færri mæta en skrá sig, en allir skráðir þátttakendur fá sendar glæsur.

Hópráðgjöf fyrir nemendur í lokaritgerðarskrifum

Nemendum sem eru að skrifa lokaritgerð er boðið að taka þátt í hópráðgjöf í gegnum Teams undir stjórn náms- og starfsráðgjafa. Markmiðið er að styðja nemendur við að skila fullkláraðri ritgerð á réttum tíma.

Á vorönn náðist ekki nægur fjöldi þátttakenda til að halda hópráðgjöf, þar sem nemendur þurftu að greiða fyrir þátttöku. Á haustönn var gjaldtaka felld niður og tóku 23 nemendur þátt í fjórum hópum, tveir hópar fyrir nemendur í grunnnámi og tveir fyrir nemendur í meistaranámi.

Starfsnám 2025

Unnur Símonardóttir er verkefnastjóri starfsnáms. Nemendum í öllum deildum í grunn- og framhaldsnámi býðst að taka starfsnám sem valnámskeið. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að finna sér vinnustað og sinna þar 160 klukkustunda ólaunuðu starfsnámi.

Alls luku 31 nemandi starfsnámi skólaárið árið 2025, þar af 11 í grunnnámi og 20 í meistaranámi.

	Haust 2024	Vor 2025	Sumar 2025	Haust 2025
Grunnnám	0	7	2	2
Meistaránám	2	7	11	2
Samtals:	2	14	13	4

Starfsnámið skiptist með eftirfarandi hætti á milli deilda í grunn- og framhaldsnámi árið 2025:

	Grunnnám	Framhaldsnám
Félagsvísindadeild	4	6
Lagadeild	1	3
Viðskiptadeild	6	13
Samtals:	11	22

Vinnustaðir nemenda voru fjölbreyttir og verkefni þeirra áhugaverð. Allir hlutu mjög góðar umsagnir og nokkrir fengu ráðningu í kjölfarið. Nemendur lýstu jafnframt mikilli ánægju með fyrirkomulagið og töldu sig hafa getað nýtt fræðilegan grunn úr námi sínu og tengt hann við hagnýta reynslu á vinnustað.

Hollvinasamtök Bifrastar

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda og annarra þeirra er bera hag Háskólans á Bifröst fyrir brjósti og styðja við uppbyggingu og skólastarf á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn háskólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðuna hollvinir.bifrost.is. Þar má finna allar helstu upplýsingar um samtökin. Einnig halda samtökin úti félagasíðu á Facebook.

Stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar starfsárið 2025-2026 skipa:

Aðalfulltrúar:

Gissur Pétursson, formaður tilnefndur af rektor
Anna Ólöf Kristjánsdóttir
Erla Björg Eyjólfsdóttir

Varafultrúar:

Pórdís Sif Sigurðardóttir
Hallur Jónasson

Skoðunarmenn voru kjörnir Sævar Siggeirsson og Erlendur Hjaltason.

Stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar skipa:

Aðalfulltrúar:

Bergþór Guðmundsson, formaður
Margrét Vagnsdóttir, ritari
Helgi Hróðmarsson, gjaldkeri



Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Starfsárið 2025-2026 hefur einkennst af fjölbreyttri starfsemi og góðri samvinnu innan nemendafélags Háskólans á Bifröst (NFHB). Þrátt fyrir þær áskoranir sem fylgja fjarnámi og breytilegum aðstæðum hefur félagið lagt áherslu á að skapa vettvang fyrir nemendur til að tengjast og taka virkan þátt í félagslífi. Stjórn félagsins var skipuð í kjölfar kosninga vorið 2025 og var þannig skipuð: Halldóra Hreinsdóttir, forseti, Ingvi Hrafn Laxdal Victorsson, varaforseti, Margeir Haraldsson Arndal, fjármálastjóri, Steinunn María Einarsdóttir, viðburða- og samskiptastjóri, Selma Klara Gunnarsdóttir, hagsmunafulltrúi og Andri Már Berglindarson, nýnemafulltrúi (kom inn haustið 2025). Í lok nóvember tók Agla Sól M. Hafdísardóttir tímabundið við embætti viðburða- og samskiptastjóra af Steinunni Maríu Einarsdóttur.



Nemendafélag
Háskólans á Bifröst

Haustið hófst með nýnemadögum þar sem mismunandi fyrirkomulag var eftir nemendahópum. Nemendafélagið kynnti starfsemi sína bæði á staðnum og í gegnum Teams, sem gekk vel. Í framhaldinu var haldinn nýnemahittingur í Stúdentakjallaranum þar sem nemendur komu saman og tóku þátt í skemmtilegu pöbquiz og voru glæsileg verðlaun í boði.

Undirfélögin Justitia, Merkúr og Verus voru virk á árinu og lögðu sitt af mörkum til félagslífsins. Fulltrúar þeirra sátu fundi sem áheyrnarfulltrúar og tóku þátt í skipulagningu viðburða og héldu vísindaferðir.

Staðlotuskemmtanir voru haldnar á fleiri en einum stað, meðal annars á Bifröst í Vikrafelli og á Kollubar á Hvanneyri. Þátttaka var góð framan af vetri en dróst saman þegar leið á önnina, meðal annars vegna dreifingar nemenda og annarra ytri þátta. Veður hafði ekki góð áhrif á mætingu á staðlotur. Þrátt fyrir það var haldið úti fjölbreyttri dagskrá á staðlotuskemmtunum. Einnig voru aðrir viðburðir bæði á staðnum og í gegnum netið, svo sem pöbquiz, bingó og skemmtilegir hittingar á Stúdentakjallaranum. Árshátíð NFHB var haldin 27. febrúar og tókst vel til með góðri mætingu og frábærri dagskrá.

Samstarf NFHB við LÍS var öflugt á árinu. Fulltrúar félagsins Agla Sól M. Hafdísardóttir og Selma Klara Gunnarsdóttir, sinntu störfum sínum af ábyrgð og fagmennsku. Landsþing LÍS var haldið á Akureyri og átti NFHB fjóra fulltrúa, sem er aukning frá fyrra ári.

Stjórn NFHB mun áfram leggja áherslu á að efla félagsstarf, gæta hagsmuna nemenda og styrkja samstarf við helstu hagaðila. Horft er björtum augum til framtíðar.



